




FRÉTTABLAÐIÐ



Mikhail Noskov, sendiherra Rússlands, hætti sér ekki út fyrir dyr, en fylgdist þó með störfum lögreglu í kjölfar þess að rauðri málningu var skvett á sendiráðsbygginguna. Starfsfólk þar ætlar sér ekki að þrifa málninguna af húsinu sjálft. „Sá sem gerði þetta á að þrifa þetta,“ sagði starfsmaður sendiráðsins, en vildi ekki tjá sig frekar um málið. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Óttast viðvarandi skort á vinnuafli næstu ár

Mikill skortur á vinnuafli á sama tíma og húsnæðisskortur er um allt land er stærsta áskorun íslensks atvinnulífs nú um stundir.

ser@frettabladid.is

ATVINNUMÁL Tólf þúsund manns þurfa að flytja til Íslands á næstu fjórum árum, að því er fram kemur í nýrri rannsókn Samtaka atvinnulífsins á vinnumarkaðnum. Störfum fjölga um fimmtán þúsund á þessum tíma, en náttúruleg fjölgun

vinnuafli á sama tíma nemur aðeins þrjú þúsund manns.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri samtakanna, segir skort á vinnuafli geta hamlað hagvexti hér á landi á næstu árum og viðspyrnan úr faraldrinum, sem bitnað hefur harkalega á atvinnulífinu, geti því orðið veikari en ella.

„Rætur hagvaxtar liggja í því að við getum mannað störf framtíðarinnar,“ segir Halldór og metur það svo að vinnuafllsskorturinn nú um stundir sé „með því brattara sem við höfum tekist á við.“ Hann segir vand-



Okkur vantar fleiri starfsmenn núna en fyrir faraldurinn. En, hvar á að koma þeim fyrir?

Jóhannes Þór Skúlason, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

ann einkum vera í ferðaþjónustu, veitingageira og byggingariðnaði.

Sá veruleiki sem blasir við að íslenskar fjölskyldur eignast æ færri börn á tímum aukinna umsvifa í atvinnulífinu kallar á stóraukið innflutt vinnuafli. Ef það nær að fylla í skarð Íslendinga má ætla að árið 2025 verði fjórði hver maður á vinnumarkaði af erlendu bergi brotinn.

En vandinn er margþættari og veldur húsnæðisskortur þar miklu. Kristófer Oliverson, formaður Félags fyrirtækja í hótélrekstri og

gistiþjónustu, segir þann skort þegar vera farinn að hamla komu erlends vinnuafli til landsins. Undir það tekur Jóhannes Þór Skúlason, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar.

„Þetta verður ein af erfiðustu áskorunum sem við stöndum frammi fyrir á næstu árum. Okkur vantar fleiri starfsmenn núna en fyrir faraldurinn. En, hvar á að koma þeim fyrir?“ spyr Jóhannes. „Það er þegar orðið vandamál – og sumarið enn langt undan. Það er bara ekkert húsnæði til fyrir fólk sem okkur vantar.“ ■

H Hekla

Þjónustutorgið snýst um þig

Þjónustutorg Heklu www.hekla.is



Jafnar framlög upp að fimmtán milljónum

jonthor@frettabladid.is

SAMFÉLAG Velunnari UNICEF á Íslandi hefur tilkynnt samtökunum að hann muni jafna öll fjárframlög sem berast í neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi til Úkraínu upp að 15 milljónum króna. Umræddur velunnari vill þó ekki koma fram undir nafni.

Framlög í neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi fara til að veita mannúðaraðstoð í Úkraínu og nágrennalöndunum, en þar er UNICEF að setja upp svæði fyrir börn og fjölskyldur á flóttu.



Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

„Það er gríðarlega verðmætt fyrir fjáröflun okkar fyrir börn í Úkraínu að vita að hvert framlag sem nú berst telur í raun tvöfalt, þökk sé þessari ótrúlegu gjöf,“ segir Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi.

„Orð ná vart yfir það hversu þakklát við erum velgjörðarmanni okkar. Við vonum að þetta göfuglyndi reynist öllum landsmönnum og fyrirtækjum hér á landi hvatning til að styðja við börn og fjölskyldur í Úkraínu,“ segir Birna. ■

Kátt í Hörpu



Barnabing fer nú fram í Hörpu en verndari þingsins er Vigdís Finnbogadóttir. Einstaklingar sem eru jákvæðar fyrirmyndir rifjuðu upp æskuminningar og ræddu leiðir til að hafa áhrif á samfélagið. Í dag fara fram umræður með þjóðfundarfyrirkomulagi sem Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, setur. Um 120 börn á aldrinum 11-15 ára munu hefja umræðuna en eftir hádegi mæta boðsgestir til að taka þátt um þau umfjöllunarefni sem börnin hafa valið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Dimmalimm innlyksa í Moskvu

ser@frettabladid.is

MENNING Frumeintak af bók Guðmundar Thorsteinsson, Muggs, um Dimmalimm er innlyksa í Moskvu, en bókin, sem er í einkaeign, var hluti af listsýningu sem hjónin Ingi-björg Sigurjónsdóttir og Ragnar Kjartansson settu upp í nýju safni, Ges2, í miðborg Moskvu í desember á síðasta ári.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins óskuðu hjónin eftir því að sýningunni yrði lokað um síðustu helgi vegna innrásar Rússa í Úkraínu og urðu stjórnendur Ges2 við þeirri ósk. Sýningin átti að standa fram í miðjan mars. Nú er þess freistað að fá sýningarmunina heim til Íslands, þar á meðal verðmætt frumeintakið af Dimmalimm, en allsendis óvíst er hvenær af því getur orðið.



Dimmalimm, teikning eftir Muggs.

Sagan af Dimmalimm er ein ástsælasta og vinsælasta barnabók Íslendinga til margra ára, ekki hvað síst fyrir hrifandi myndskreytingar Muggs, sem fæddist 1891 en lést rétt liðlega þrítugur. Haft hefur verið á orði að allt sem Muggur snerti hafi breyst í listaverk. ■

Safna nauðsynjavörum í gáma fyrir fólk í Úkraínu

Fyrirtækið Ísstormur ehf. hefur safnað vörum í gám fyrir stríðshrjáð fólk í Úkraínu og hvetur aðra til að vera með.

benediktarnar@frettabladid.is

SAMFÉLAG Fiskvinnslufyrirtækið Ísstormur ehf. hefur hafið neyðarsöfnun fyrir fólk í Úkraínu með því að senda gám fullan af hinum ýmsu vörum til landsins, þar á meðal matvæli og aðrar nauðsynjavörur. Fyrirtækið setti söfnunina af stað vegna innrásar Rússlands í Úkraínu sem hófst þann 23. febrúar síðastliðinn.

„Við erum að vinna mikið með Úkraínumarkað og erum með söluskrifstofu þar, því tengjumst við því sem er að gerast þarna úti. Þess vegna ákváðum við að safna í gám og hvetjum alla sem geta hjálpað til að vera með,“ segir Dovydas Raila, sem er meðeigandi hjá Ísstormi ehf.

Stanislav Tkachuk hefur verið að aðstoða Dovydas með söfnunina en hann kom til landsins frá Úkraínu í síðustu viku. Hann segist hafa ákveðið að koma til landsins þar sem hann taldi það öruggara en að vera staddur á stríðssvæði. „Allir Úkraínumenn vilja hjálpa landinu og fólkinu okkar og gera það sem þeir geta til að aðstoða.“

Fyrsti gámurinn fer til Úkraínu í næstu viku og verður hann fullur af vörum frá Ísstormi og öðrum tengdum fyrirtækjum. „Við erum í niðursuðu og sjóðum niður þorsklifur.“ Að sögn Dovydas eru mörg fyrirtæki áhugasöm um að veita aðstoð. „Við erum búin að hringja í alla samkeppnisaðila og allir voru tilbúnir að hjálpa, sem við erum mjög ánægð með.“

Dovydas segir að vörurnar eigi að hjálpa bæði fólkinu í landinu og



Peir félagar eru sammála um að allir Úkraínumenn vilji hjálpa landinu og fólkinu. Peir gleðjast yfir samkennd Íslendinga. MYND/ADSEND



Við erum búin að hringja í alla samkeppnisaðila og allir voru tilbúnir að hjálpa, sem við erum mjög ánægð með.

Dovydas Raila, hjá Ísstormi ehf.

hernum. „Stjórnvöld taka við sendingunni og þau deila henni áfram til þeirra sem þurfa á henni að halda.“

Fjöldinn allur af vörum er kominn í gáminn, þar á meðal hin ýmsu matvæli en Dovydas hefur haft samband við fjölda fyrirtækja hér á landi, þar á meðal Ölgerðina og Innnes og segist taka við hverjum þeim vörum sem geti hjálpað fólkinu á stríðssvæðinu. „Fólk í nágrennalöndum Úkraínu hefur verið að senda fót og slíkt, það er ekki verra.“

Þeir sem vilja leggja söfnuninni lið geta haft samband við office@isstormur.is. ■

Áslaug Hulda
1. sæti
Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ 5. mars
aslaughulda.is

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR

LAGERSALA

3. - 6. MARS



-43%

KLAKI ~~29.990 KR~~
KRAKKA ÚLPA 16.990 KR



-60%

BUNGA ~~19.990 KR~~
KRAKKA PEYSA 7.990 KR



-40%

ÍSA ~~19.990 KR~~
KRAKKA BUXUR 11.990 KR



-47%

ÍSAFOLD ~~84.990 KR~~
UNISEX DÚNÚLPA 44.990 KR



-43%

FÖNN ~~34.990 KR~~
BUXUR 19.990 KR



-50%

HAMAR ~~39.990 KR~~
UNISEX JAKKI 19.990 KR



-51%

BAULA ~~34.990 KR~~
HERRA JAKKI 16.990 KR



-53%

GRUND ~~74.990 KR~~
UNISEX ÚLPA 34.990 KR

OPNUNARTÍMAR

VIRKIR DAGAR
12:00 - 18:00

LAUGARDAGUR
12:00 - 17:00

SUNNUDAGUR
13:00 - 17:00

ZO·ON
ICELAND

STAÐSETNING
URÐARHVARF 4
203 KÓPAVOGUR
www.zo-on.is

SÍMI
412 5865

Hefði viljað vita afstöðu Guðrúnar Hafsteins fyrir kosningar

bth@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og innviðaráðherra, telur að Guðrún Hafsteinsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hefði átt að upplýsa um viðhorf sín til sölu á hlut í Landsvirkjun áður en gengið var til alþingiskosninga í fyrrahaust.

„Reyndar held ég að það væri mjög gott ef fólk lýsti svona afstöðu fyrir kosningar,“ segir Sigurður Ingi.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra svaraði ummælum Guðrúnar um að til greina kæmi að selja 30-40 prósent hlut ríkisins í Landsvirkjun til lífeyrissjóða með því að sala á hlut eða í heild á Landsvirkjun kæmi ekki til greina. Sigurður Ingi er sömu skoðunar.

„Landsvirkjun verður ekki seld á okkar vakt,“ segir Sigurður Ingi. „Við höfum lagt fram þingmál því til staðfestingar á afstöðu Framsóknarmanna,“ bætir Sigurður Ingi við.

Meginrökin gegn sölu eru að sögn Sigurðar Inga ekki síst þau að með því að orkufyrirtækin séu að mestu í eigu almennings sé tryggt að orkuverði fari ekki úr böndunum.

„Ef við berum saman orkuverð í



Reyndar held ég að það væri mjög gott ef fólk lýsti svona afstöðu fyrir kosningar.

Sigurður Ingi Jóhannsson

ólíkum löndum kemur í ljós að það er gríðarlegur ávinningur að búa hér á Íslandi.“

Spurður hvort sveitarfélögin Reykjavík og Akureyri hafi gert mistök með sölu eignarhluta sinna í Landsvirkjun árið 2006 þar sem of lágt verð hafi fengist fyrir hlutina, segir Sigurður Ingi að hann telji sölnuna hafa verið ásættanlega fyrir sveitarfélögin. ■

Ekkert aprílgebb að Covid klárast

svavamarin@frettabladid.is

COVID-19 „Ég er búinn að veðja við alls konar fólk um að þetta verði búið 1. apríl, án þess að það sé um aprílgebb að ræða,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, spurður að því hvort Ísland sé á góðri leið með að ná hjárdónæmi gegn Covid-19.



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Hann segist hafa meiri áhyggjur af því sem sé að gerast í heiminum þessa dagana en Covid og ónæmi. „Þegar menn eru farnir að tala um kjarnorkuvopn þá fær maður bara kvíðakast.“

Þá segir Kári það ekki lengur sitt fyrsta verk þegar hann vaknar að athuga með stöðuna á Covid. „Það segir allt sem segja þarf. Ég er eiginlega farinn að fókusa alfaríð á hversdagslega sjúkdóma líkt og geð- og hjartasjúkdóma og krabbamein.“ ■

Bogi er þakklátur stjórnvöldum

jonthor@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Forstjóri Icelandair, Bogi Nils Bogason, sagðist þakklátur fyrir stuðning og samstarf flugfélagsins við yfirvöld í gegnum tíma heimsfaraldursins. Þetta kom fram í ræðu hans á aðalfundi félagsins í gær. Heildarskattspor félagsins var meira en 26 milljarðar króna. ■

Viðreisn velur á milli tveggja Þórdísa í oddvitasætið í Reykjavíkurborg

Tvær Þórdísir berjast um oddvitasætið í Reykjavík í fyrsta prófkjöri Viðreisnar. Mikil fjölgun flokksmanna síðustu daga. Stuðningsmenn ekki á einu máli um hvort horfa eigi til áframhaldandi samstarfs með Degi B. Eggertssyni.

bth@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Prófkjör Viðreisnar í borginni hefst í dag og stendur til morguns. Búið er við að úrslit verði kynnt um klukkan 19 á laugardag.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Þórdís Jóna Sigurðardóttir berjast um oddvitasætið. Mikil spenna er innan flokksins um hvor hafi betur. Nýskráningar í flokkinn nema á síðustu dögum 600-700. Fjölgunin er að mestu rakin til smölunar vegna prófkjörsins.

„Það er gaman að sjá þennan mikla áhuga á prófkjörinu og svona mikinn áhuga á pólitík,“ segir Jenný Guðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Viðreisnar. Hún segir að félaga talið í Reykjavík standi nú nálægt 1.900 en fjöldinn hafi fyrir prófkjör verið 1.200-1.300.

Viðmælendur innan Viðreisnar segja erfitt að spá fyrir um hvor Þórdís hafi sigur. Úrslitin gætu orðið allt eða ekkert, því vegna reglu um fléttulista gæti sú sem tapar fallið um nokkur sæti og dottið úr leik.

Ýmsir póstar hafa gengið meðal stuðningsmanna oddvitaefnanna vegna smölunar. Segir í einum þeirra sem Fréttablaðið hefur undir höndum að forðast beri í lengstu lög að mynda meirihluta með Degi B. Eggertssyni. Sá póstur er til stuðnings Þórdísi Jónu.

„Ég kannast ekki við þennan póst. Að sjálfsgöðu geng ég óbundin til kosninga, við ætlum að mynda meirihluta sem byggist á mál-



Erfitt er að spá um niðurstöðurnar því vegna reglu um fléttulista gæti sú sem tapar fallið um nokkur sæti og hreinlega dottið úr leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir



Þórdís Jóna Sigurðardóttir

Þessi átta verða í kjöri um oddvita Viðreisnar:

Anna Kristín Jensdóttir
Diljá Ámundadóttir Zoëga
Erlingur Sigvaldason
Geir Finnsson
Pawel Bartoszek
Þórdís Jóna Sigurðardóttir
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

efnum. Ég útiloka engan flokk fyrir fram,“ segir Þórdís Jóna.

Helstu áherslumál hennar lúta að Borgarlínu og þéttingu byggðar. Þórdís Jóna hefur aldrei gegnt trúnaðarstörfum fyrir Viðreisn, ólíkt Þórdísi Lóu sem er forseti borgarstjórnar og hefur verið staðgengill borgarstjóra. Spurð hvers vegna Þórdís Jóna tefli svo djarft segist hún brenna auk fyrrgreinds fyrir áherslum í skólumálum, þar sem kerfisbreytingar sé þörf. Mæta verði hverju og einu barni betur í skólakerfinu með snemmtækri íhlutun og auknu vali.

Þá sé vantraust í atvinnu- og nýsköpunarmálum borgarinnar mikið áhyggjuefni samkvæmt nýrri skýrslu.

„Úrslitin gætu orðið á hvorn veginn sem er og munurinn mjög naumur,“ segir Þórdís Jóna.

Þórdís Lóa segir að rödd Viðreisnar eigi mikið áframhaldandi erindi í borginni, eina staðnum þar sem Viðreisn sé við völd. Þórdís Lóa segir að sér hafi verið legið á hálsi fyrir að vera „litlaust afbrigði“ af Degi borgarstjóra en það sé af og frá. Þvert á móti vegi reynsla hennar þungt til framtíðar.

Spurð um meirihlutasamstarf að loknum kosningum segir Þórdís Lóa að Viðreisn sé hægri miðjuflokkur sem geti unnið í báðar áttir. Prófkjör Viðreisnar fer fram um helgina. ■

Örlogapræðir

Auður Gunnarsdóttir
Lára Stefánsdóttir
Bjarni Frímánn Bjarnason

17. mars 2022 kl 20.00
í Kaldalóni

Wagner - Schumann



ÍSLENSKA ÓPERAN



Nýr MG ZS EV

Nýtt útlit og 440 km drægni



Endurræsa
Endurhugsa
Endurhlaða

Nýr MG ZS EV er hinn fullkomni 100% rafbíll fyrir daglegan akstur, útréttingar og spennandi ferðir út úr bænum þegar þér dettur í hug. MG tekur hagkvæman, rafdrifinn akstur enn lengra með ferskri hönnun, uppfærðri tækni og tvenns konar rafhlöðukostum sem opna enn fleiri leiðir til framtíðar.

MG ZS EV 72 kWh Luxury

440 km drægni*, 500 kg dráttargeta, 7 ára ábyrgð!
Verð: 5.490.000 kr.

mgmotor.is

Recharge yourself



Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Tveir vilja opna nýja bálstofu hér á landi

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Bæði Kirkjugarðar Reykjavíkurprófestsdæma (KGRP) og Tré lífsins vilja opna nýja bálstofu á Íslandi. Einungis er rekin hér á landi ein bálstofa sem hefur verið í rekstri frá árinu 1948 eða í 74 ár. Hún er í Fossvogi.

Í nýrri skýrslu Kirkjugarðaráðs sem gerð var að beiðni dómsmálaráðuneytisins kemur fram að kostnaður við hönnun, byggingu og rekstur nýrrar bálstofu á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð í Reykjavík sé áætlaður 1.244 milljónir króna.

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, stofnandi Trés lífsins, segir að þrátt fyrir útgáfu skýrslunnar hafi enn ekki verið ákveðið hvort KPRG eða Tré lífsins muni opna bálstofu hér á landi. Óháður sérfræðingur á vegum dómsmálaráðuneytisins sé að meta stöðuna og muni skila úttekt til ráðherra í apríl. Ráðherra muni í kjölfarið taka ákvörðun.

Sigríður Bylgja segir eina ástæðu þess að þörf sé á nýrri bálstofu þá að sú sem nú sé í notkun sé rekin af einu trúfélaga. Tré lífsins sé sjálfs-eignarstofnun sem ekki er rekin í hagnaðarskyni og er óháð öllum trú- og lífsskooðunarfélögum. „Ef KGRP verður fyrir valinu þýðir það að kirkjugarðarnir, sem eru undir



Það er ekkert í lögum sem segir að ríki eða kirkja skuli reka bálstofu.



Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, stofnandi Trés lífsins

stjórn eins trúfélags, Þjóðkirkjunnar, fá rísa summu úr ríkissjóði til að byggja og svo reka bálstofuna, til viðbótar við kirkjugarðsgjaldið sem þeir fá árlega, 1,3 milljarða,“ segir hún.

„Það er ekkert í lögum sem segir að ríki eða kirkja skuli reka bálstofu og því væri skynsamlegast fyrir fjölbreytt samfélag að bálfarir fari fram hjá óháðri stofnun sem er ekki tengd neinum trúarbrögðum, en opin öllum,“ bætir Sigríður við. ■

Sjö nýir leikskólar í Reykjavík á þessu ári

jonthor@frettabladid.is

REYKJAVÍK Borgarráð samþykkti í gær áætlun um uppbyggingu í leikskólamálum. Samkvæmt nýju áætluninni verða sjö nýir leikskólar opnaðir í Reykjavík á þessu ári. Þá mun leikskólaláttum fjölga um 1.680 á næstu þremur árum.

Áætlað er að þessi nýja áætlun muni kosta 12 og hálfan milljarð, frá og með þessu ári til 2025, en það á bæði við um fjárfestingar- og rekstarkostnað.

Skúli Helgason, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi ákvörðun sé tekin vegna mikillar „barnasprengru“ í borginni. Þá er gert ráð fyrir því að einhver tólf mánaða



Leikskólabörn renna sér á rassapotum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gömul börn muni geta komist á leikskóla í haust.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs og borgarfulltrúi Viðreisnar, leggur áherslu á að verið sé að „hugsa leikskólana í nýjum lausnum.“ ■



Escobar lék 18 leiki fyrir Leikni og skoraði tvö mörk. Samningur hans rann út áður en dómur féll

MYND/LEIKNIR

Escobar í farbanni á Íslandi

Andres Escobar, sem lék með Leiknismönnum í efstu deild karla síðasta sumar, var dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir kynferðisbrot. Hann hefur áfrýjað dómnum en sætir nú farbanni.

hoddi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Andrés „Manga“ Escobar, sem lék með Leikni Reykjavík síðasta sumar, hefur verið dæmdur fyrir kynferðisbrot í Héraðsdómi Reykjavíkur. Kólumbíumaðurinn áfrýjaði dómnum en er í farbanni á meðan málið velkist um í dómkerfinu. Escobar var dæmdur fyrir að hafa þann 19. september brotið kynferðislega á konu á heimili sínu.

Þennan sama dag hafði Escobar tekið þátt í leik Leiknis og Keflavíkur og spilaði þar allan leikinn. Escobar er þritugur knattspyrnumaður sem leikið hafði í Úkraínu, Argentínu, Brasilíu og fleiri löndum áður en hann kom til Íslands. Hann hafnar því að hafa brotið kynferðislega á konunni en segist hafa átt samræði við hana.

„Héraðssaksóknari höfðaði þann 22. desember sl. sakamál á hendur dómfellda fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins



Escobar er dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir kynferðisbrotið en hann hefur neitað sök.

19. september 2021, á heimili sínu í Reykjavík, haft samræði og önnur kynferðismök við A, án hennar samþykkis, með því að sleikja kynfæri hennar og hafa við hana samræði, þar sem hún lá illa áttuð í sófa ákærða, og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar,“ segir í dómi Landsréttar þar sem Escobar er úrskurðaður í farbann til 1. september á þessu ári.

Escobar og lögmaður hans hafa áfrýjað dómi héraðsdóms en málið verður tekið fyrir í Landsrétti á næstu vikum.

Þremur dögum eftir að héraðssaksóknari höfðaði málið gegn

Escobar lék hann sinn síðasta leik fyrir Leikni, um var að ræða leik gegn Víkingi í síðustu umferð efstu deildar karla árið 2021. Samningur Escobar við Leikni rann út á miðnætti þann 16. október á síðasta ári en í dómnum segir:

„Dómfelldi er erlendur ríkisborgari og var við störf hér á landi þar til samningur hans við atvinnurekanda rann út þann 17. október sl. Hann hefur engin sérstök tengsl við landið og hefur greint frá því að hann hafi í hyggju að fara af landi brott. Til að tryggja nærveru hans á meðan mál hans er til meðferðar fyrir dómstólum hér á landi, og eftir atvikum þar til afplánun hans hefst, þykir nauðsynlegt að honum verði gert að sæta farbanni þar til mál hans er til lykta leitt. Er það mat héraðssaksóknara að ætla megi að dómfelldi muni reyna að komast úr landi ellegar reyna að koma sér með öðrum hætti undan yfirvöldum sé hann frjáls ferða sinna. Því telur ákærvaldið laga-skilyrði uppfyllt til að hann sæti farbanni þar til endanlegur dómur gengur í máli hans.“

Escobar er dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir kynferðisbrotið en hann hefur neitað sök og hefur áfrýjað dómi héraðsdóms til Landsréttar. ■

KRISTÍN THORODDSEN
2. SÆTI
Fyrir Hafnarfjörð

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í HAFNARFIRÐI 3.-5. MARS 2022
FACEBOOK.COM/KRISTINMARIATHORODDSEN



Porbjörg Þorvaldsdóttir, formaður samtakanna '78 og Daniel Arnarson, framkvæmdastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hinsegin börnum hótað

bjork@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Við vorum síðasta haust að fara í skóla eftir skóla þar sem var sjálfskaði, sjálfsvíg og morðhótanir barna á milli,“ segir Daniel Arnarson, framkvæmdastjóri Samtakanna '78, í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins: „Það er óþolandi algengt að börn sem hingað koma í ráðgjöf segi að þeim hafi verið hótað. Það er ógeðfellt.“

„Hvenær verður það tekið alvarlega að börn séu að fá morðhótanir í skólanum? Eða hvatningu um að drepa sig? Hvenær tókum við sem

samfélag slíku nægilega alvarlega?“ spyr Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður samtakanna, og segir þau meðvitund um afturför í baráttu hinsegin fólks víða um heim og sjá merki um þá þróun hér.

„Við sjáum hana til dæmis í aðstæðum grunnskólabarna sem mörg hver verða fyrir aðkasti vegna hinseginleika. Við heyrum mjög ljótar sögur úr skólunum og höfum þurft að koma þangað inn í hálfgerða rústabjörgun.“

Helgarblað Fréttablaðsins kemur út á morgun. ■



FORYSTA, REYNSLA OG ÁRANGUR

fyrir Viðreisn í Reykjavík,

ÞÓRDÍS LÓA

— Í 1. SÆTIÐ

Prófkjör Viðreisnar fer fram 4. og 5 mars



Vladímír Pútín Rússlandsforseti hefur hótað að beita kjarnorkuvopnum gegn þjóðum sem blanda sér í stríðið í Úkraínu.



Pútín hefur með yfirlýsingum sínum um kjarnavopn hnyklað vöðvana aðallega gegn NATO.

Rússar ráða yfir 2.500 langdrægum kjarnorkuárásarvopnum til beitingar milli heimsálfa. Þá eiga þeir 1.900 skammdræg kjarnorkuvopn til notkunar á vígvelli. Auk þess eiga þeir um 1.500 kjarnorkusprengridda sem biða förgunar.

Kjarnaoddar Rússa eru því tæplega 6.000 talsins sem gæti hæglega grandað milljörðum manna. Í fréttaskýringunni hér á eftir skoðum við hvernig skammdræga kjarnorkuvopnabúr Rússa er samansett en þeir eiga langmest af kjarnorkuvopnum allra ríkja í Evrópu. Það er athyglisvert að þriðjungur kjarnorkuvopnanna var staðsettur í Úkraínu á meðan landið var hluti af Sovétríkjunum. Eftir fall þeirra og sjálfstæði Úkraínu var samið um eyðingu þeirra.

„Rússar búa yfir mjög öflugum vopnabúri skammdrægra kjarnorkuvopna og það er ekkert sambærilegt við þetta í Evrópu,“ segir Friðþór Eydal, sem um árábil starfadi fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli og þekkir vel málefni sem tengjast hernaðarviðbúnaði.

„Bandaríkjamenn drógu öll sambærileg vopn frá Evrópu eftir lok kalda stríðsins, en þeir eru með flugher og kaþbata sem geta beitt svona vopnum. Það eru ekki lengur kjarnorkuvopn á skipum Bandaríkjaflota en þeir geta sent flugvélar með þau til Evrópu.

Friðþór bendir á að hér séum við aðeins að tala um skammdræg kjarnorkuvopn Rússa (eða non-strategic nuclear weapons) sem yrði beitt á vígvellinum, sem yrði þá væntanlega allt meginland Evrópu. Langdrægu kjarnorkuvopnin (það er, svokölluð strategic nuclear weapons) sem hægt er að skjóta milli heimsálfa væru svo miklu stærra dæmi, að hans sögn.

Kjarnorkuhótanir Pútíns

Hvaða mat leggur Friðþór á afl þess skammdræga kjarnorkuvopnasafns sem Rússar búa yfir og skýringarmyndin sýnir?

„Þetta yfirlit sýnir að það er óhugnanlega öflugt ef því yrði beitt. En mitt mat er að þeir myndu ekki fara út í það því þá væru þeir að kalla yfir sig eitthvað sem þeir ráða ekki við.

Pútín var á dögum með kjarnorkuhótanir en síðan hefur ekki heyrst mikið um þær, en augljóst er að hann er að hrista öll sverðin. Kjarnavopn eru þess eðlis að það má eiginlega segja að þau séu vopn sem eingöngu þjóna þeim tilgangi að vera ekki beitt, en samt sem áður er alltaf til staðar sá möguleiki að hægt sé að beita þeim. Það felst í raun mikil mótsögn í þessu.

Það er þessi fælingarmáttur, eða

Rússar eiga óhugnanlega öflugt kjarnorkuvopnabúr



Elin Hirst elinhirst@frettabladid.is

einher yfirvofandi ógn sem enginn vill beita. En það er aftur á móti sú hætta á ferðum að menn geri einhver hættuleg mistök. Þess vegna hafa bandarísk stjórnvöld sent út mjög mjög skýr skilaboð um það til Rússa að þeir muni ekki fara yfir á þetta stig, það er að beita kjarnavopnum í umræðunni um átökin í Úkraínu, til að fyrirbyggja allan misskilning. Það sljákkaði væntanlega í Pútín eftir þá orðræðu. Í staðinn beita menn hörðum viðskiptaþvingunum til þess að


hafa áhrif á áhrifamikla auðmenn, svokallað óligarka, sem hafa svo mikilla hagsmuna að gæta sjálfir peningalega að þeir reyni að koma vitinu fyrir Pútín. Evrópusambandið var til dæmis upphaflega sett á fót í þessum tilgangi að slíkir viðskiptahagsmunir sköpuðust milli landanna að menn vildu ekki kasta þeim fyrir röða með stríðsátökum.“
 „En hvaða mistök gætu leitt til þess að kjarnavopnum yrði beitt?“
 „Það eru til dæmis mistök í tálkun Pútíns eða stjórnenda í Rúss-

Það eru ekki lengur kjarnorkuvopn á skipum Bandaríkjaflota en þeir geta sent flugvélar með þau til Evrópu.



Friðþór Eydal, fyrrverandi starfsmaður Varnarliðsins og hernaðarsérfræðingur

Skammdræg kjarnavopn rússneska hersins



Heimildir: Bulletin of Atomic Scientists, The Heritage Foundation, IISS, Missile Defense Advocacy Alliance © GRAPHIC NEWS

landi á aðstæðum, þannig að menn telji að allt í einu sé komin upp sú staða að Bandaríkin hugsi sér til hreyfings í þessum efnum. Þess vegna hafa skilaboð Bidens um að kjarnavopnum verði ekki beitt verið svo skýr.

En það er enginn vafi á því að menn eru að hnykla vöðvana og halda öðrum, aðallega NATO, frá því að senda inn herlið gegn Rússum. Það væri skýr stríðsyfirlýsing og þá myndi sviðsmyndin gjörbreytast og ekki yrði aftur snúið,“ segir Friðþór Eydal.

Arfleifð frá kalda stríðinu

Samkvæmt CNN-fréttastöðinni virðist ólíklegt að núverandi átök í Úkraínu hleypi af stað kjarnorkustríði. Rússar eigi kjarnorkuvopnabúr sem gæti drepit milljarða manna, en þessi ógn er mikilvægur þáttur í því að Bandaríkjamenn og NATO gripi ekki inn í deiluna. Enginn vill hætta á kjarnorkustríði.

Kalda stríðið, 1947-1991, fól í sér mikla pólitiska, efnahagslega og hernaðarlega samkeppni milli Bandaríkjanna og bandamanna þeirra annars vegar og Sovétríkja hins vegar. Vantraust og tortryggni voru gagnkvæm.

Kúbudeilan árið 1962 var hugsanlega sá atburður á tímum kalda stríðsins sem næst komst því að kveikja kjarnorkubálið milli stórveldanna, en deilan snerist um að rússnesk kjarnorkuvopn höfðu verið staðsett á Kúbu innan við 200 kílómetra frá Flórída í Bandaríkjunum.

Fyrir marga sem eldri eru er hættan á kjarnorkustríði skelfilegar minjar frá liðinni tíð. Að loknu 30 ára „öryggi“ er aftur farið að tala um horfur á kjarnorkustyrjöld, jafnvel þótt ólíklegar séu.

Kalda stríðinu lauk með hruni Sovétríkja. Pútín hefur hins vegar kallað fall Sovétríkja „eitt mesta pólitíska slys aldarinnar“.

Vinsælasti hamborgarinn

Klassískur hamborgari er venjulega 15-20% fita, en þessi er 30%. Útkoman er líklega einn besti hamborgari á markaðnum í dag, gerður úr 100% íslensku nautakjöti. Hann nýtur sín best grillaður, þar sem fituhlutfallið er hátt. Þú hreinlega verður að smakka þennan!

Grill hamborgarinn
2 x 130 g

584 kr/pk
Verð áður 779

ÍSLENSKT
30%
FITA
NAUTAKJÖT



Njóttu helgarinnar

HAGKAUP

Tilboð gilda út 6. mars



Lambaprime
Verð áður 4.099

3.484 kr/kg



Kjúklingalæri með legg
Verð áður 1.199

959 kr/kg



Úrbeinuð kjúklingalæri
Verð áður 2.899

2.319 kr/kg



Ítölsk parmaskinka
12, 18 og 20 mánaða

verð frá **999** kr/pk



Bio Orto Peranzana
lífræn ólífuolía 500 ml

2.899 kr/stk



Ficacci ferskar ólífur
frá Ítalíu

Vöggustofumál



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Það hefur farið hrollur um fólk hér á landi við að heyra lýsingar þeirra sem voru vistadír á vöggustofunni Hlíðarenda sem síðar fékk nafnið vöggustofa Thorvaldsensfélagsins og var rekin á vegum Reykjavíkurborgar. Lýsingar fólks á því hvaða áhrif dvölin á vöggustofunni hefur haft á líf þess og upplýsingar um það hvernig börnin voru vanrækt hvað andlegan þroska og tilfinningalíf varðar hefur komið fólk í uppnám. Hvernig gat þetta gerst á Íslandi, og hvernig gat þetta staðið fram á áttunda áratug þessarar aldar?

Þegar járntrjáldið féll og það opnaðist inn í lönd Austur-Evrópu fengum við að sjá inn á munaðarleysingjahæli í Rúmeníu. Sjónvarpsmaðurinn Árni Snævarr fór þangað og umfjöllun hans um þessa hroðalegu staði og meðferðina á vannærdum börnunum er ógleymanleg öllum sem hana sáu. Ekki er hægt að segja að ástandið hér hafi verið eins og í Rúmeníu. Hér fengu börnin góðan og hollan mat, allt var þrífalegt og fint og leit vel út á yfirborðinu. En þó var ákveðin samsvörum þarna á milli. Börnin voru látin afskiptalaus og þeim ekki sinnt tilfinningalega á vöggustofunni á Íslandi, eins og í Rúmeníu.

Reynt var að benda á að þarna væri ekki allt með féldu árið 1964 þegar föstrunemar létu vita eftir að hafa dvalið á vöggustofunni sem lærlingar í nokkra daga. Doktor Sigurjón Björnsson sálfræðingur tók málið upp í borgarstjórn árið 1967, en enginn hlustaði. Forstöðukonur sem komu að heimilinu síðustu árin sem það var rekið reyndu af veikum mætti að bæta umhverfi barnanna með því að mála í björtum litum og kaupa leikföng, en mættu að eigin sögn andstöðu, því það var trú manna að best væri að gera börnin ekki tilfinningalega háð hvorki starfsmönnum né aðstandendum, sem ekki fengu að koma í heimsókn. Slíkt þýddi bara grát og tilfinningalegt uppnám lengi á eftir.

Starfsfólk stoppaði stutt við á vöggustofunni enda gríðarlegt álag fyrir flesta að starfa undir þessum kringumstæðum. Áreiðanlegar heimildir eru um að starfsmenn, aðallega konur, hafi stundum „stolist“ til að fara með börnin heim um helgar og jafnvel í heimsókn til vana og kunningja svo þau fengu einhverja tilbreytingu. Fleira hefur komið í ljós varðandi vöggustofuna. Gögn henni tengd fundust nýverið í þeim húsakynnum sem hún var rekin í, mörgum áratugum eftir að starfsemi hennar var hætt. Gögnunum var komið til borgarskjalasafns. Spurningin er hvort fleiri gögn sé enn að finna í rykföllnum geymslum, eða með öðrum orðum á glámbekk við Sunnutorg. ■

”
Börnin voru látin afskiptalaus og þeim ekki sinnt tilfinningalega á vöggustofunni á Íslandi, eins og í Rúmeníu.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Samsærin

Á meðan hver óveðurslægðin eftir aðra gengur yfir landið, eyjarskeggjum til ómældrar vansælu, gengur líka á með eljum í pólitíkinni. Sumir eiga sér engan fegurri draum en að komast að í sveitarstjórnnum á næstu fjórum árum og deila þar fjármagni upp úr tómunum bæjarsjóðum. Og þar gengur auðvitað á með alls konar samsæriskeningum, svo sem eins og í höfuðborginni þar sem oddvitaslagur Viðreisnar gengur út á það hvor kandi-datinnt ætli að svíkja núverandi meirihluta og hjá ihaldinu eru briglslyrðin ekki minni, en þar er spurt hvort oddvitaefnið sé líklegra til að halda harðlinunni, ellegar bara sænga með Samfó.

Herdeildir

Og sitjandi fulltrúar, sem margir hverjir óttast um sína stóla, eru eðlilega komnir í sínar skotgrafir þaðan sem skæðadrífu af frábærlega heppnuðum keilum er látið rigna yfir fjölmiðla í von um að þeir gefi þessum pólitík-usum gæm. Þetta er náttúrulega alvanalegt – og ekki fundið upp í gær að alþýðan þurfi að vita allt um ágæti stjórnmalamanna á síðasta korterinu fyrir kosningar. Fyrir vikið hafa nú heilar herdeildir upplýsingafulltrúa vígbúist og eru í þann mund að umkringja hvern fjölmiðilinn af öðrum, gráar fyrir járnnum. ■

Átta nýir leikskólar í Reykjavíkurborg



Skúli Helgason
borgarfulltrúi
Samfylkingarinnar

Aðgengi ungbarnafjölskyldna að leikskólum í Reykjavík batnar verulega á þessu ári en átta nýir leikskólar verða opnaðir í ár og tekin verða í notkun 850 ný leikskólarymi í borginni.

Fyrsti nýi leikskólinn, Ævintýraborg við Eggertsgötu, var opnaður í þessari viku og sá næsti, ungbarnaleikskóli við Bríetartún, verður opnaður í apríl. Síðar á árinu verða Ævintýraborgir í Vogabyggð og við Vörðuskóla opnaðar auk nýrra leikskóla við Kleppsveg og Safamýri og nýs leikskóla í Ármúla sem rekinn verður undir merkjum Múlaborgar.

Frá og með komandi hausti verður byrjað að taka á móti 12 mánaða börnum í leikskólana, nánar tiltekið börnum sem verða orðin 12 mánaða 1. september næstkomandi. Innritun hefst í þessum mánuði í pláss sem verða opnuð í sumar og haust. Meðalaldur barna við inntöku í leikskólana lækkar um heila 4 mánuði í haust og verður um 15 mánaða.

Mikil aukning hefur orðið í barnsfæðingum á síðustu misserum í Reykjavík og verður fjölgað verulega nýjum leikskólarymum til að mæta aukinni þörf. Alls er stefnt að opnun 1.680 nýrra leikskólaryma í Reykjavík á næstu 4 árum og munar þar mestu um nýjan leikskóla Miðborgar við Njálsgötu, nýja leikskóla í Vogabyggð, Völvufelli í Breiðholti, við Kirkjusand og í Skerjafirði auk viðbygginga við leikskólana Sæborg, Hof, Kvistaborg, Funaborg og Laugasól.

Samhliða fjölgun leikskólalássna höfum við lagt höfuðáherslu á að bæta vinnuumhverfi starfsfólks leikskóla og barna með því s.s. að fjölga starfsfólki á elstu deildum, stækka rými, fjölga undirbúningstímum, setja aukið fjármagn í faglegt starf og liðsheildarvinnu, fjölga námsleyfum, auka stuðning við stjórnendur í ráðningarmálum o.s.frv. Alls hefur verið varið rúmlega 4 milljörðum króna í þessar aðgerðir sem hafa gert leikskólana í borginni að eftirsóknarverðari vinnustöðum. Starfsánægja hefur aukist í kjölfarið og ánægja foreldra með leikskólana í borginni mælist yfir 90% sem er niðurstaða á heimsmeiklarða. ■

”
Innritun hefst í þessum mánuði í pláss sem opna í sumar og haust.



Íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgarétt vorið 2022

Íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgarétt vorið 2022. Næstu íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgarétt verða haldin sem hér segir:

- Akureyri: Mánudaginn 23. maí kl. 13:00 hjá Síney
- Egilsstaðir: Miðvikudaginn 25. maí kl. 13:00 hjá Austurbrú
- Ísafjörður: Föstudaginn 27. maí kl. 13:00 hjá Fræðslumiðstöðinni

Í Reykjavík verða prófin haldin eftirfarandi daga hjá Mími:

- Mánudaginn 30. maí kl. 09:00 og 13:00
- Þriðjudaginn 31. maí kl. 09:00 og 13:00
- Fimmtudaginn 2. júní kl. 09:00 og 13:00
- Föstudaginn 3. júní kl. 09:00 og 13:00

Skráning er hafin á www.mimir.is.

Síðasti skráningardagur er 10. maí 2022.

Ekki er hægt að skrá sig eftir að skráningarfresti lýkur.

Prófgjaldið er 35.000 kr.

Kapítal-kommúnismi

Í dag



Guðmundur Andri Thorsson

Stríðið í Úkraínu snýst ekki um landrými, auðlindir, tungumál eða áreiktra þjóðarbrotta, hvað sem líður réttlætningum. Það snýst um sjálft þjóðskipulagið, valdakerfið. Pútín og klíkan kringum hann getur ekki liðið það að í túnfætinum ná að blómstra þjóðskipulag sem gæti orðið Rússum fyrirmynd um að eitthvað annað sé mögulegt en sá kapítal-kommúnismi sem ríkir í landinu.

Alræði auðmannanna

Okkur er kennt að kapitalismi og kommúnismi séu itrustu hugsanlegu andstæður samfélagsgerðar sem annars vegar byggist á sameign og félagshyggju og hins vegar séreign og einstaklingshyggju. Samt hafa gömlu kommúnistaríkin sem ekki gengu í gegnum lýðrættindabyltingu þróast á þann veg að verstu einkenni beggja samfélagsgerða ráða för: fjaræði kommúnismans og misskipting kapitalismans.

Í stuttu máli var kenning Leníns sú að alþýðan gerði byltingu, tæki yfir stjórn framleiðslutækjanna og samfélagsins, losaði sig við kapitalista, setti á fót Alræði öreiganna, sem þróaðist í lýðræðisátt svo að úr yrði sósíalismi sem þróaðist yfir í kommúnisma – lokastigið – hið fullkomna þjóðfélag þar sem við framleiðum eftir getu og tókum eftir þörfum.

En til að koma öllu þessu samlæti í kring þyrfti harðsnúna úrvalsveit, rauða framvörðinn, kommúnistaflokkinn sem stjórnað væri af aga og festu og ríkti í umboði alþýðunnar, sem reyndar væri ekki fengið í lýðræðislegum kosningum heldur fremur samkvæmt sögulegri nauðsyn og díalektiskum lögmálum, eins og útskýrt var í afar löngu og alltyrfnu máli í marxískum fræðum.

Í þessari fjaræðishugmynd býr fræði að núverandi óligarkakerfi kapítal-kommúnismans. Úr alræði öreiganna varð til alræði auðmannanna. Byltingin í Rússlandi 1917 var valdarán lítillar klíku menntamanna í nafni alþýðu og sú klíka hefur að breyttu breytanda haldið völdum þar síðan, með tilheyrandi forréttindum sem haldið er í með öllum ráðum, þar á meðal innrásunum í nágrannaríki sem gerast líkleg til að feta braut lýðræðis og mannréttinda, og vilja innsigla það með aðild að Evrópusambandinu – og auðvitað Nató.

Nató og nallinn

Það var gaman að sjá þau í sjónvarpinu Katrínu Jakobsdóttur og Stoltenberg, jafnaðarmannaleiðtoga í Noregi, meðal annars þegar Breivik vann sitt hryðjuverk en núverandi aðalritara Nató. Ekki fór á milli mála að hér hittust leiðtogar systkinabjóða. Ekki var að sjá eða heyra að forsætisráðherrann íslenski væri ýkja andvíg þessu bandalagi, þótt svo eigi að heita að flokkur hennar vilji að Íslendingar gangi úr því. Um það er víst ekki að fást – krafan um úrsögn úr Nató er á einhvern hátt í DNA Vg og sennilega er jafn erfitt fyrir flokkinn að láta af henni og það væri honum að framfylgja henni.

Í mínu ungdæmi leit maður á Nató sem bandalag kringum heimsvaldastefnu, arðrán og kúgun. Ríki þess stóðu í fráleitum hernaði á hendur fátækum bændum í Víetnam. Manni fannst

sem það magnaði kjarnorkuögnina yfir okkur, og stæði fyrir gleðisnauda og svarthvíta heimsmynd kalda stríðsins. Maður vildi ekki heri þess nærri sér og vildi ekki að íslenska þjóðin væri í félagskap gömlu nýlenduveldanna sem notuðu hervald til þess að hræða alþýðu arðrænda landa frá því að rísa upp og taka í eigin hendur auðlindir sínar.

Nú er maður aðeins farinn að líta þetta öðrum augum, eins og

gengur. Svo sannarlega er saga bandalagsins full af mistökum og röngum ákvörðunum, ekki síst í kjölfar árásarinnar á Tvíburaturnana í New York, þegar anað var út í heimskuleg stríð með þá reglu að leiðarljósi að árás á einn meðlim jafngilti árás á alla meðlimi – og var ráðist inn í Írak og Afganistan vegna hryðjuverks sem framíð hafði verið undir forystu sáðarabískis manns með sáðarabísku uppsuðu af Íslam að leiðarljósi.

Alls konar mistök: Samt skynjar maður að þetta er varnarbandalag lýðræðisþjóða, opinna fjölmenningsamfélaga þar sem virðing er borin fyrir mannréttindum. Nató reynist nú Eystrasaltslöndunum ómetanlegt skjól en að sama skapi mega nú Finnar og Svíar búa við ógnanir Rússa ef þeir dirfist að láta verða af því að ganga í bandalagið. Allt í einu hefur Pútín tekist að gefa Nató visst lögmæti eftir langvarandi hrakföll og allt í einu hefur

honum tekist að þjappa löndum Evrópu saman um nauðsyn þess að standa vörð um grundvallargildi mannréttinda og lýðræðis.

Jafnvel innan Ehedslistans danska (yst á vinstri vængnum þar) ríkir nú óeining að sögn um þetta bandalag. Sumir þar virðast átta sig á því að í opnum og frjálsum fjölmenningsamfélögum þeirra ríkja sem mynda Nató er alveg hægt að syngja Nallann fullum hálsi – og byggja réttlátt þjóðfélag. ■

Sölusýning

Tilboðsbæklingurinn okkar er kominn út. Hann er fullur af gæðatækjum á sérstöku tilboðsverði sem gildir í mars.

Í tilefni þess bjóðum við **afslátt af öllum vörum á morgun, laugardaginn 5. mars**, sem eru ekki nú þegar á tilboði.

Opið frá 11-16.

Afsláttarkóði í vefverslun: **mars**



Skoðuðu nýja tilboðsbæklinginn okkar á sminor.is!



100
ÁRA 1920-2020

5
ÁRA * * * * *
ÁBYRGÐ

Athugið að þessi kjör gilda aðeins um heimilistækjahlutann í vefversluninni.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Merkisatburðir

- 1861** Abraham Lincoln verður sextándi forseti Bandaríkjanna.
- 1877** Emile Berliner finnur upp hljóðnemann.
- 1936** Zeppelin loftfarið **Hindenburg** flýgur sitt fyrsta reynsluflug.
- 1955** Armed Forces Radio and Television Service Keflavík fær heimild íslenskra stjórnvalda til sjónvarpsútsendinga.
- 1964** Hljómar frá Keflavík slá í gegn á fyrstu bitlatónleikunum á Íslandi. Tónleikarnir eru haldnir í Háskólabíói. Fjórar aðrar hljómsveitir koma þar fram.
- 1968** Fyrsta leikritið sem sett er upp sérstaklega fyrir sjónvarp á Íslandi er sent út. Það er verkið Romm handa Rósalind eftir Jökul Jakobsson.
- 1971** Íslendingar kaupa uppstoppaðan geirfugl á uppboði í London. Áður var safnað fyrir fuglinum um allt land.
- 1983** Menningarmiðstöðin Gerðuberg er opnuð í Breiðholtshverfi í Reykjavík.
- 2000** PlayStation 2 kemur fyrst á markað í Japan.
- 2005** Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskóli Íslands sameinast undir merkjum þess fyrrnefnda.



Kolbeinn Hugi telur að dýrin myndu nota internetið í svipuðum tilgangi og mannfólkið.

MYND/ADSEND

Fánan tengist alnetinu

Í framtíðarkenndri sýn myndlistarmannsins Kolbeins Huga eru dýrin tengd internetinu í gegnum taugaviðmót.

arnartomas@frettabladid.is

Internetheimur dýranna er heiti fjölskyldusmiðju sem fer fram í Norræna húsinu á laugardag þar sem skoðað verður hvernig heimurinn væri ef dýrin réðu öllu og fengju að nota internetið. Smíðjan er í umsjá myndlistarmannsins Kolbeins Huga og byggir á verki hans á yfirstandandi sýningunni Jafnvel ormar snúast.

„Ég veit ekki hvort tíminn er kominn ennþá, en að minnu mati höfum við og munum á næstu 10-15 árum fá tæknilega getu til þess að dýr geti tengst internetinu,“ segir Kolbeinn Hugi sem býst við að dýrin myndu nota internetið í samþætilegum tilgangi og mannfólkið. „Við erum dýr og sækjum í skemmtiefni, pólitík og tókum ákvarðanir á internetinu. Ef dýrin hefðu aðild að internetinu gætu þau verið þátttakendur í ákvarðanatöku um umhverfið sitt.“

Hugmyndina að verkinu fékk Kolbeinn Hugi þegar hann vann að þáttunum Cryptopia sem fjölluðu um rafmyntanámur á Íslandi og umhverfisáhrif tengd þeim.

„Það er undarlegt að hugsa til þess að fólk mæti í Bláa lónið og baði sig upp úr úrgangi orkuvers sem er að miklum hluta til notað til þess að knýja rafmyntanámur,“ útskýrir hann. „Ég skrifaði smá vísindaskáldskap upp úr þessu sem var þó byggður á íslenskum raunveruleika. Það var lítið fræ sem spratt upp úr því sem hét Animal Internet. Sú hugmynd hefur haldið áfram að vaxa og er í kjarnann að dýrin tengist internetinu í gegnum taugaviðmót.“

Spendýrin yrðu fyrst
En hvernig myndu dýrin tengjast internetinu?

„Dýr eru þegar farin að nota taugaviðmót í gegnum tækni en dýr eru notuð í tilraunum fyrir stóran hluta þeirrar tækni sem endar í höndum mannfólks,“ segir Kolbeinn Hugi. „Ef það er þangað sem við stefnum sem mannfólk, að við munum tengjast internetinu með taugaviðmóti, þá geta dýrin það líka.“

Í framtíðarkenndri sýn Kolbeins Huga, sem teygir sig mörg hundruð ár fram í framtíðina, er mikill fjöldi dýrategunda tengdur internetinu. Hann segi að ef við ímyndum okkur aðeins jarðtengdari sýn til styttri tíma yrðu spendýrin líklega fyrstu dýranotendur internetsins.



Hugmyndin að verkinu spratt upp þegar Kolbeinn Hugi vann að þáttum sem fjölluðu meðal annars um rafmyntanámur á Íslandi og áhrif þeirra á umhverfið.

MYND/ADSEND



Ef það er þangað sem við stefnum sem mannfólk, að við munum tengjast internetinu með taugaviðmóti, þá geta dýrin það líka.

„Tæknin í kringum taugaviðmót er miðuð að mannfólki sem eru spendýr og þau yrðu líklega fyrstu notendurnir á dýra-internetinu. Mér finnst líklegt að fyrsti hópurinn yrðu gæludýr þar sem fólk gæti tengt sig gæludýrum sínum til að fylgjast með þeim og síðan til að skilja þau betur.“

Á undanförunum árum hefur umræðan um skuggahlíðar internetsins á samfélagið farið vaxandi. Er þá rétt af okkur að draga dýrin inn í þennan heim?

„Ég lít ekki á að það sé siðferðislega rétt af okkur að draga þau inn á internetið en á meðan við höldum þeim vísitandi utan þess þá erum við að taka ákvörðunarréttinn af þeim,“ segir Kolbeinn Hugi. „Dýr eru einstaklingar og enginn einstaklingur ætti að þurfa að vera á internetinu frekar en hann vill.“



Ástkær móðir okkar,
Ingveldur Guðmundsdóttir

hárgreiðslumeistari,
frá Sæbólí í Aðalvík,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum þann 28. febrúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 10. mars kl. 13. Athöfninni verður streymt á streyma.is.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Atthagafélags Sléttuhrepps.

Hafsteinn Hafsteinsson
Guðmundur Lúther Hafsteinsson
Þorbjörg Hafsteinsdóttir
Margrét Rögn Hafsteinsdóttir



Hjartkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir, tengdafaðir og afi,
Ragnar Ragnarsson

verkfræðingur,
Sundlaugavegi 33, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 25. febrúar sl. Útför hans fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 8. mars nk. kl. 13.

Dóra Steinunn Ástvaldsdóttir
Ástvaldur Traustason **Gyða Dröfn Tryggvadóttir**
Ásgeir Árni Ragnarsson **Vala Garðarsdóttir**
Kolbrún Rut Ragnarsdóttir **Alexandre Ruiz Pallach**
Kristín Björg Ragnarsdóttir **Vigfús Karlsson**
og barnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyrningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 4. mars 2022



Súmak er leyrikrydd matgæðingsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Súrt og sætt

jme@frettabladid.is

Súmak-krydd er unnið úr þurrk-uðum berjum runna sem vex víðast hvar við Miðjarðarhafið, Afríku, Asíu og í Norður-Ameríku. Það fæst oftast mulið í poka eða krukku. Bragðinu er oft líkt við nýkreistan sítrónusafa, en súmak sé súrt og skarpt, þá er einnig sæta, blómátónar og vottur af reykkum. Rauðbleiki liturinn gefur líka fallegan blæ á matinn sem því er dreift yfir.

Súmak kjúklingur

1 kg kjúklingalæri og -leggir með skinni og beini
1 stór sítróna
4 msk. ólífúolía
1½ msk. súmak
4 hvítlauksgeirar, kramdir
½ tsk. malað cummin
½ tsk. malað allrahandakrydd
¼ tsk. kanilduft
Salt og pipar
1 stór rauðlaukur, skorinn í sneiðar

Skerðu rákir í kjúklingabitana. Settu í skál með sítrónusafa, 3 msk. ólífúolíu, 1½ msk. súmak, hvítlauk, cummin, allrahanda, kanil, 1½ tsk. salt og ¼ tsk. pipar og rauðlauk. Nuddaðu blöndunni vel í kjötið og maríneraðu í um 1-3 tíma.

Hitaðu ofninn í 190°C. Settu allt á bökunarplötu og eldaðu í um 40 mínútur, eða uns safinn er glær og kjötið eldað í gegn. Leyfðu að hvílast undir loki í nokkrar mínútur. Stráðu súmaki og ólífúolíu yfir og berðu kjúklingurinn fram. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is

Sigurjón Steinsson framkvæmdastjóri segir að aðstaðan hjá Arena henti sérstaklega vel fyrir skemmtun fyrir bæði vinahópa og vinnustaði, óháð aldri og reynslu af tölvuleikjum, en allir geta fengið kennslu og leiðsögn til að hjálpa sér að komast af stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Heimsklassa aðstaða fyrir tölvuleikjaunnendur

Arena er með 1.100 fermetra af glæsilegri tölvuaðstöðu með öflugustu leikjatölvum sem völ er á og þar geta einstaklingar, vinahópar eða vinnustaðir skemmt sér konunglega í sal eða einkaherbergjum. Þar er einnig frábær veitingastaður og öflugt rafíþróttastarf. **2**

„Við opnuðum seint á síðasta ári svo við erum enn að taka okkar fyrstu skref. Við vorum það heppin að opna einmitt þegar það voru afléttingar svo þetta fór vel af stað, en svo hafa takmarkanirnar komið í veg fyrir að Arena fái almennilega að blómstra,“ segir Sigurjón Steinson, framkvæmdastjóri Arena. „En nú er loks búið að aflétta öllum samkomutakmörkunum og við finnum strax að það er mikill áhugi á að koma hingað og ánægja með það sem er í boði.“

Stórglæsileg aðstaða sem hentar hópum vel

„Aðstaðan okkar er stórglæsileg og heilir 1.100 fermetrar. Við erum með 120 PC tölvur frá Alienware, en þetta eru einhverjar kraftmestu tölvur á markaðnum í dag og þær ráða við að keyra alla nýjustu leikina í bestu gæðum. Við erum líka með alla nýjustu leikina og eins og staðan er núna erum við með 101 leik á hverri PC tölvu og erum duglegir að bæta við nýjum vinsælum leikjum,“ segir Sigurjón. „Við erum líka með jaðarbúnað frá Alienware og þú finnur ekki betri græjur í allri Evrópu. Við erum svo með stóla frá Secret Lab, sem hafa unnið verðlaun fyrir bestu tölvustólana mörg ár í röð.“

Við erum líka með 25 PlayStation 5 tölvur og sérstakan pall með nýju PS5 sjónvörpunum frá Sony, sem bjóða upp á bestu mögulegu upplifun af tölvunum,“ útskýrir Sigurjón. „Svo eru 2-4 manna sófar fyrir framan hvert sjónvarp, þannig að þetta er fullkomið fyrir vinahópa sem vilja koma og taka leiki í FIFA eða nokkra bardaga í Mortal Kombat.“

Meira gaman saman

Sigurjón segir góðar ástæður fyrir því að það sé betra að koma til Arena en að spila ein(n) heima.

„Ef ég leyfi mér að vitna í Ólaf Hrafn Steinsson, formann Rafiþróttasambands Íslands, þá talar hann um að það hafi verið stór mistök að setja tölvuna inn í svefnherbergi þar sem fólk er einangrað. Við erum félagsverur og njótum þess að leika okkur með öðrum og það verður enn skemmtilegra ef maður er í kringum þá sem maður er að spila með, líkt og þegar fólk spilar borðspil. Við höfum auðveldað þetta,“ segir hann. „Hér erum við líka með mjög dýrar tölvur og þó að fólk vilji kannski spila annað slag er ekki þar með sagt að það vilji eyða 500-700 þúsund krónum í að kaupa eigin tölvu fyrir heimilið.“

Svo þarf ekki að standa í neinu brasi hjá okkur eins og að setja leikina upp á tölvunum eða kaupa leiki eða neitt. Þú sest bara og byrjar að spila og færð drykki afhenta beint í sætið meðan þú hefur gaman.“

Bytes kemur á óvart

„Við erum líka með veitingastaðinn Bytes, þar sem hægt er að fá mat, drykki og snarl. Við erum í samstarfi við Brikk og fáum allt brauðmeti þaðan, svo við erum með einhverjar bestu súrdeigspitsurnar í bænum og gott úrval af safaríkum steikarborgurum í brauði frá Brikk,“ segir Sigurjón. „Matsölustaðurinn kemur fólki mest á óvart, sem og það að við höfum vinveitingaleyfi.“

Það er líka stór skjár á veitingastaðnum þar sem allir helstu fótboldaleikirnir og aðrir vinsælir íþróttaviðburðir eru sýndir og það eru alltaf tilboð og „happy-hour“ milli klukkan 16 og 19 í tengslum við leiki. Arena er svo sjálft með setustofu þar sem má finna annan risaskjá, sófa og sæti og þar getur fólk horft á leikjámót og aðra rafiþróttaviðburði.“



Arena er nú opið í fyrsta sinn án allra samkomutakmarkana og það er mikil ánægja með aðstöðuna og veitingastaðinn, Bytes.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Fólk getur valið milli þess að spila inni í sal eða í einkaherbergjum og það er bæði hægt að spila á PC og PlayStation 5.

MYND/AÐSEND

Við erum félagsverur og njótum þess að leika okkur með öðrum og það verður enn skemmtilegra ef maður er í kringum þá sem maður er að spila með.

Sigurjón Steinson

Hópar fá kennslu og leiðsögn

„Það er svo margt í boði hjá okkur að þetta hentar í raun öllum, óháð aldri og reynslu af tölvuleikjum. Við höfum til dæmis fengið til okkar vinnustaðahóp þar sem meðalaldurinn var vel yfir fimmtíu og sá hópur var einna ánægðastur, þar var fólk að prófa eitthvað alveg glænýtt og naut sín í botn,“

segir Sigurjón. „Starfsmaður frá okkur fylgir öllum hópum og sér um kennslu og aðstoðar fólk við að komast af stað, sem getur stundum tekið smá tíma. Svo þegar fólk kemst af stað fer það að skemmta sér rosalega. Við erum líka með leiki sem henta ólíku fólki, aldurshópum og reynslustigi. Fólk þarf bara að hafa opinn huga og vera til í að prófa eitthvað nýtt.“

Rafiþróttastarf fyrir börnin

„Í rafiþróttadeildum Breiðabliks og HK eru yfir 100 krakkar á aldrinum 8-14 ára sem æfa hérna hjá okkur tvisvar í viku í 90 mínútur í senn, en við útvegum félögunum húsnæði og þjálfara. Af þessum 90 mínútum fara 30 í líkamlega hreyfingu og það er mikil áhersla lögð á að kenna krökkunum góð samskipti, samvinnu og samheldni,“ segir Sigurjón. „Börn í dag spila mikið en þarna er það undir handleiðslu og það er mikilvægt að þau læri að nota tölvuleiki rétt og spila með öðrum á netinu. Svo eru

líka nýir atvinnumenn í rafiþróttum að verða til á hverjum degi.“

Margir halda að rafiþróttir séu ekki alvöru íþrótt en það sama var sagt um skák á sínum tíma. Margir leikir eru mjög taktískir og það er nauðsynlegt og mjög þroskandi að kunna að vera í liði og eiga góð samskipti. Rafiþróttir rækta þannig sömu eiginleika og annað íþróttastarf.

Svo er markaðurinn fyrir þetta líka orðinn rosalega stór og fer sístækkandi. Það voru fleiri sem horfðu á rafiþróttir en golf á síðasta ári og stórleikir í Ljósleiðaradeildinni, sem er Counter Strike-deild, fær álika mikið áhorf og handboltaleikir. Þetta er merkileg þróun,“ segir Sigurjón. „Stöð 2 sendir líka út sérstaka Esports-rás héðan, en Rafiþróttasamband Íslands deilir húsnæði með okkur og heldur utan um útsendingar þar.“

Það vilja líka ekki allir vera í líkamlegum íþróttum en öll börn í dag sækjast í tölvuleiki

svo að í rafiþróttastarfi koma oft saman krakkar sem hefðu annars aldrei kynnst undir venjulegum kringumstæðum. Þannig að við erum til dæmis að sjá börn sem hafa kannski ekki fundið sig í hefðbundnum íþróttum en fá að láta ljós sitt skína í rafiþróttum og byggja upp sambönd við aðra krakka sem eru kannski félagslega virkari,“ segir Sigurjón. „Svo eru þau að skipuleggja saman næstu æfingar eða ákveða kannski að hittast heima á milli æfinga og þannig verða til vinabönd sem hefðu annars ekki orðið til.“

Börn á daginn og eldri hópur á kvöldin

„Frá því að við opnuðum höfum við verið að finnúsa þjónustuna okkar og höfum bætt við viðburðum, eins og skemmtilegum Fortnite mótum um helgar. Við höfum þróað viðburði fyrir alla aldurshópa og þetta er svolítið tvískipt hjá okkur. Á daginn eru yngri börn hér, oft með foreldrum sínum og stundum er það eina leiðin til að foreldrarir geti spilað með krökkunum sínum, því það er bara ein tölva heima fyrir,“ segir Sigurjón. „Svo um kvöldmatarleytið kemur eldri hópurinn, borðar, fær sér kannski einn kaldan og spilar svo saman fram eftir.“

Við erum með átta einkaherbergi og fólk getur valið milli þess að vera inni í sal eða í 5-20 manna herbergjum. Það var mikil þörf á fleiri einkaherbergjum svo við bjuggum til eitt gamaldags tíu manna herbergi þar sem fólk situr öxl við öxl og bak við bak, þannig að þar er hægt að upplifa alvöru gamaldags LAN-stemningu. Munurinn er reyndar að núna þarf ekkert að hafa áhyggjur af hrúta- og pitsulyktinni, hér er hátt til lofts og mjög góð loftræsting,“ segir Sigurjón og hlær. ■

Hægt er að fylgjast með Arena og tilboðunum sem eru í boði þar á Facebook-síðunni facebook.com/arenagamingisl/ og Instagram-síðunni instagram.com/arenagamingisl/. Heimasíðan er arenagaming.is.

KVIKKMUNDIR

mánaðarins



BÍÓBÆRINN

MEÐ GUNNARI ANTONI GUÐMUNDSSYNI
OG ÁRNA GESTI SIGFÚSSYNI

MIÐVIKUDAGA KL. 20.00



HRINGBRAUT



Batman – tekist á um upprunann – framtíðin í húfi

Á Hrekkjavöku er borgarstjórinn í Gotham, Don Mitchell Jr., myrtur. Morðinginn er raðmorðingi sem kallar sig The Riddler.

Í tvö ár hefur milljarðamæringurinn Bruce Wayne stundað sjálfskipaða löggæslu í borginni sem Batman.

Ásamt lögreglunni í Gotham-borg rannsakar hann morðið á borgarstjóranum. James Gordon yfirlögregluþjónn kemst að því að The Riddler skildi eftir skilaboð til Batmans en lögreglustjórinn í borginni, Peter Savage, skammar hann fyrir að hleypa Batman inn á vettvang glæpsins og neyðir hann til að yfirgefa svæðið.

The Riddler drepur lögreglustjórann og sendir Batman önnur skilaboð, auk þess að senda myndskæið af dauða hans til fjölmiðla í Gotham.

Batman og Gordon komast

Fróðleikur

- The Batman er fyrsta myndin í þrileik og leikur Robert Pattinson Batman í öllum þremur myndunum.
- Leikstjórinn, Matt Reeves, lýsir The Batman sem blöndu af leynilögreglusögu, hasarmynd og sálfræðitrylli.
- Matt Reeves segir Penguin, sem Colin Farrel leikur, vera byggðan á persónu „Fredos“ úr Guðföðnum (1972).
- Upphaflega átti Ben Affleck að leikstýra og leika Batman í The Batman.
- Tökur á myndinni hófust í janúar 2020 í London en gera varð hlé á tökum í mars sama ár vegna Covid-19 faraldursins.



að því að The Riddler skildi eftir USB-lykil í bíl borgarstjórans. Á lyklinum eru myndir af borgarstjóranum með konu að nafni Annika á næturklúbbi sem rekin er af glæpamanninum Penguin, sem er hægri hönd Camine Falcone, valdamesta glæpaforingja Gotham-borgar.

Þegar Batman fer og yfirheyrir Penguin sem þykist ekkert vita verður hann þess var að Selina

Kyle, vinkona og herbergisfélagi Anniku, starfar á staðnum sem þjónustustúlka. Batman fer með Selinu að heimili borgarstjórans þar sem þau finna vegabréf Anniku í peningaskáp.

Þegar Annika hverfur sendir Batman Selinu aftur á næturklúbbinn til að leita upplýsinga. Í gegnum hana kemst hann að því að saksóknari Gotham-borgar, Gil Colson, er á launaskrá hjá Falcone.

Komin í bíó

Aðalhlutverk:

Robert Pattinson, Zoë Kravitz, Jeffrey Wright, Colin Farrel, Paul Dano, John Turturo og Andy Serkis

Handritshöfundar:

Matt Reeves og Peter Craig

Leikstjóri:

Matt Reeves

12

» Í tvö ár hefur milljarðamæringurinn Bruce Wayne stundað sjálfskipaða löggæslu í borginni sem Batman.

Þegar Batman gengur á Selinu um samband hennar við Falcone verður hún þögn sem gröfin.

Batman og Gordon rekja slóð the Riddler að rústum munaðarleysingjahælis sem foreldrar Bruce Wayne, Thomas og Martha, ráku. Þeir komast að því að the Riddler var vistmaður á hælina og telur sig eiga harma að hefna gagnvart Thomas. Þar sem Thomas er dáinn beinist hatrið að Bruce.

Að sjálfsögðu kemur brytinn Alfred Pennyworth við sögu og leiðir Bruce Wayne í allan sannleika um afdrif foreldra hans.

Selina upplýsir að Falcone glæpaforingi sé faðir hennar sem hafi vanrækt hana. Þeir sem vilja vita meira um söguþráðinn verða einfaldlega að kaupa sér miða í bíó. ■

Sambíó Egilshöll, Álfabakka, Kringlunni, Akureyri, Keflavík, Smárabíó, Laugarásbíó, Háskólabíó, Bíóhúsið Selfossi og Borgarbíó

Háskaför í frumskóginum í kappi við tímann

Loretta Sage er snjall rithöfundur sem kys helst að vera í einrúmi.

Hún skrifar vinsælar rómantískar ævintýrasögur sem gerast á framandi stöðum um hetju sem kölluð er Dash Chicvance, sem karlfyrirsætan myndarlega Alan Caprison hefur helgað feril sinn að koma fram fyrir.

Á ferðalagi með Alan til kynningar á nýjustu bók sinni nemur sérvitur milljarðamæringur, Fairfax, Loretta á brott og vill að hún leiði hann að fornum fjársjóði frá týndu borginni sem kemur fyrir í síðustu bók hennar.

Alan reynir að bjarga henni, staðráðinn í að sanna að hann geti verið hetja í raun og veru en ekki bara í skálduðum texta Loretta.

Nú þarf þetta ólíka par að vinna saman til að komast af í óblíðum frumskóginum. Þau þurfa að berjast við náttúruöflin og finna forna fjársjóðinn áður en hann glatast að eilífu.

Í The Lost City er það sjálfur Harry Potter, Daniel Radcliffe, sem leikur sérvitra auðkýfinginn Fairfax. Brad Pitt kemur litlilega fyrir í hlutverki CIA-útsendara. Sandra Bullock, sem auk þess að leika söguhetjuna er framleiðandi myndarinnar, hafði leikið litlú aukahlutverk í mynd Pitts, Bullet Train, og sá sér leik á borði og lét Pitt endurgjalda greiðann í The Lost City. ■

Sambíó Egilshöll, Álfabakka, Kringlunni, Akureyri, Keflavík, Smárabíó og Bíóhúsinu Selfossi



Fróðleikur

- The Lost City þykir minna á myndina Romancing the Stone frá 1984 sem Michael Douglas og Kathleen Turner léku í.
- Upphaflega var reynt að fá Ryan Reynolds til að leika karlaðalhlutverkið í myndinni.
- Árið 2013 voru myndir sem þau Sandra Bullock og Channing Tatum léku í frumsýndar sama dag, 28. júní. Þetta voru myndirnar The Heat með Bullock og White House Down með Tatum.

» Nú þarf þetta ólíka par að vinna saman til að komast af í óblíðum frumskóginum. Þau þurfa að berjast við náttúruöflin og finna forna fjársjóðinn áður en hann glatast að eilífu.

Frumskýnd
25. mars

Aðalhlutverk:

Sandra Bullock, Channing Tatum, Daniel Radcliffe, Patti Harrison og Brad Pitt

Handritshöfundar:

Oren Uzziel, Dana Fox, Adam Nee og Aaron Nee – byggt á sögu eftir Seth Gordon

Leikstjórar:
Aaron Nee og
Adam Nee

12





THE
BATMAN
DC

SJÁÐU MYNDINA Í BÍÓ

Glæsileg frumraun Tinnu heldur áhorfandanum

Kvikmyndin Skjálfti er byggð á metsölubók Auðar Jónsdóttur, Stóra Skjálfta, sem var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2015 og hlaut verðlaun íslenskra bóksala sama ár.

Þegar Saga vaknar upp eftir heiftarlegt flogakast á Klambra-túni man hún lítið sem ekkert hvað gerðist í aðdraganda þess. Í leit hennar að upplýsingum um sjálfa sig og sína nánustu koma minningar sem Saga bældi niður sem barn upp á yfirborðið. Þessar minningar neyða hana til að horfast í augu við sjálfa sig og fjölskyldu sína sem tekist hafði að þegja ógnvænlegt leyndarmál í hel.

Byggð á bók Auðar

Kvikmyndin Skjálfti er byggð á metsölubókinni Stóra Skjálfta eftir Auði Jónsdóttur. Bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, hlaut Íslensku bók-salaverðlaunin og var einnig ein söluhæsta bók ársins 2015 og hlaut mikið lof lesenda.

Skjálfti er fyrsta leikna mynd Tinnu Hrafnisdóttur í fullri lengd. Myndin hefur þegar verið sýnd á kvikmyndahátíðum víða um lönd og fengið frábærar móttökur og virðist því óhætt að segja að þessi frumraun Tinnu sé mesta lista-smíð.

Áhorfandinn fær að fylgjast með Sögu og leit hennar að sannleikanum. Hann stendur í raun og veru í sömu sporum og Saga og smám saman flettist ofan af sannleikanum.

Tinnu Hrafnisdóttur ferst leikstjórahlutverkið vel úr hendi og sömuleiðis bregður hún sér í hlutverk Jóhönnu, systur Sögu, og gerir það af stakri þryði.

Eflaust hefur ekki verið auðvelt að færa verðlaunaða metsölubók Auðar Jónsdóttur, Stóra Skjálfta, á hvíta tjaldið. Í bókinni fer sagan að verulegu leyti fram í kollinum á Sögu en slík nálgun myndi duga skammt í kvikmynd.

Áhorfandinn finnur ápreifanlega fyrir angist Sögu þegar hún leitir minninga sinna, reynir að skilja sambönd sín við annað fólk og hvernig á því stendur að samband sem hún í sínu minnisleysi kannast ekki við að hafi verið neitt nema gott og dásamlegt skuli hafa endað illa og leiðir skilið.

Myndin gerist í Reykjavík og umgjörðin er kuldaleg, vetur og snjór, ekki ólík því sem mörlandinn hefur fengið að kynna vel undanfarinn mánuð. Umgjörðin passar einstaklega vel við söguna og auðveldar áhorfandanum að setja sig í spor Sögu og skilja.

Einróma lof gagnrýnenda

Skjálfti hefur fengið einróma hrós þar sem hún hefur verið sýnd á erlendum kvikmyndahátíðum og hafa gagnrýnendur sérstaklega tekið til þess hve leikstjóranum tekst vel að drífa framvinduna með því að fletta smám saman af hverju laginu á fætur öðru þannig að sannleikurinn verður sjáanlegur.

Þrátt fyrir að sannarlega sé um dramatíska mynd að ræða er áhorfandinn spennur og vill komast til botns í leyndardómunum með Sögu.

Engum ætti að leiðast á Skjálfta og vist er að lesendur bókarinnar munu njóta þess að sjá söguna færða á svo glæsilegan hátt á hvíta tjaldið.

Einvalalið leikara er í myndinni og leikstjóranum tekst vel að spila með styrkleika þeirra en ekki síður að draga fram nýjar hliðar á leikurum sem við þekkjum vel. Með hlutverk fara: Aníta Briem, Edda Björgvinsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Tinna Hrafnisdóttir, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Sveinn Geirsson, Bergur Ebba Benediktsson og Benjamín Árni Daðason.

Kvikmyndin er framleidd af Ursus Parvus, Hlín Jóhannesdóttur og Tinnu Hrafnisdóttur. ■

Smárabíó, Háskólabíó, Laugarás-bíó og Borgarbíó Akureyri

”Tinnu Hrafnisdóttur ferst leikstjórahlutverkið vel úr hendi og sömuleiðis bregður hún sér í hlutverk Jóhönnu, systur Sögu, og gerir það af stakri þryði.



Fróðleikur

- Bók Auðar Jónsdóttur, Stóri skjálfti, sem myndin Skjálfti er byggð á, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.
- Stóri skjálfti er skáldsaga en höfundurinn sækir gjarnan efni í þann heim sem hún þekkir. Auður Jónsdóttir er flogaveik eins og söguhetjan Saga.
- Hallgrímskirkjuturn er ákveðinn kjarni og miðja í myndinni og er meðal annars notaður á auglýsingaplakat hennar.



Edda Björgvinsdóttir, ein okkar ástsælasta leikkona, hefur sýnt og sannað að henni er fleira til lista lagt en að láta þjóðina taka bakföll af hlátri.

Jóhann Sigurðarson, einn okkar fremsti leikari, bregst ekki.



Skjálfti gerist í Reykjavík og það lengsta sem farið er út fyrir borgarmörkin er upp í Hvalfjörð þar sem Botns-skáli má muna sinn fífil fegurri.



Aníta Briem sýnir góð tilþrif í hlutverki söguhetjunnar, Sögu.

Frumskýnd 31. mars

Aðalhlutverk:

Aníta Briem, Edda Björgvinsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Tinna Hrafnisdóttir, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Sveinn Geirsson, Bergur Ebba Benediktsson og Benjamín Árni Daðason

Handritshöfundur:

Tinna Hrafnisdóttir – byggt á bók Auðar Jónsdóttur, Stóra skjálfta

Leikstjóri:

Tinna Hrafnisdóttir

Popp & Coke

HAMINGJUSAMT HJÓNABAND Í ÖLL ÞESSI ÁR



Eru Þrjótarnir góðir inn við beinið?

Aldrei nokkurn tíma hefur neinum mistekist jafn hrapalega að vera góðir eins og Þrjótunum.

Þrjótarnir er ný spennuteiknimynd frá Dreamworks, byggð á samnefndri metslúbókaseríu. Afburðahópur útlægra glæpadýra ætla að leggja í sitt stærsta og erfiðast verkefni frá upphafi – að verða fyrirmyndarborgarar.

Vinirnir fimm eru alræmdir sem Þrjótarnir – fingralangi vasaþjófurinn Mr. Wolf, hinn oflætisfulli Mr. Snake sem opnar peningaskápa eins og þeir væru úr blikki, konungur dulargervanna, Mr. Shark, uppstökka vöðvabúntið, Mr. Piranha, og hin orðhvassa Ms. Tarantula, sem líka er þekkt sem Webs.

Eftir að hafa framið óteljandi afbrot í áraraddir og fyrir löngu orðnir eftirlýstustu þorparar í heimi er gengið loks komið í hendur réttvísinnar. Mr. Wolf gerir samning (sem hann hefur alls ekki í hyggju að standa við) til að koma í veg fyrir að þau fari í fangelsi. Þrjótarnir ætla að verða góðir.

Undir handleiðslu Professor Marmalade, sem er hrokafullur (en

Fróðleikur

- Þrjótarnir er byggð á barnabókaseríu með sama nafni eftir Aaron Blabey.
- Þrjótarnir eru fyrsta teiknimyndin frá Dreamworks Animation í fullri lengd á þessum áratug. Síðasta myndin í fullri lengd, Abominable, var frumsýnd fyrir þremur árum, eða 2019.
- Í Bandaríkjunum frumsýnir Dreamworks 70 ára stutta teiknimynd, The Duck Doctor.
- Enska útgáfan af Þrjótunum er frumraun leikstjórans, Pierre Perifel. Hann vann við Kung Fu Panda-myndirnar sem teiknari.

krúttlegur) naggrís, ætla Þrjótarnir að sannfæra heiminn um að þeir hafi snúið við blaðinu. En bráðum fer Mr. Wolf að gruna að með því að verða góður í alvöru geti honum hlotnast það sem hann hefur alltaf þráð í laumi: að vera samþykktur. Tekst honum að sannfæra hina í genginu um að verða góðu gæjarnir þegar nýr þorpari ógnar borginni?

Þrjótarnir er saga um að þegar öllu er á botninn hvolft erum við góð inn við beinið og getum snúið við blaðinu hafi okkur borið út af sporinu.

Frumskýnd
18. mars 2022

Aðalhlutverk:
Guðjón Davíð Karlsson, Sverrir Þór Sverrisson (Sveppi), Sigurður Þór Óskarsson, Íris Tanja Flygenring, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Jón Jónsson, Steindi Jr.

Þýðing handrits:
Haraldur Jóhannsson

Leikstjórn:
Selma Lóa Björnsdóttir



Undir handleiðslu Professor Marmalade, sem er hrokafullur (en krúttlegur) naggrís, ætla Þrjótarnir að sannfæra heiminn um að þeir hafi snúið við blaðinu.



Flótti undan lögreglunni upp á líf og dauða

Ambulance er byggð á dönsku myndinni Ambulancen frá 2005. Þetta er spennumynd sem fær hárin til að rísa á höfði manns. Will Sharp er fyrrverandi hermaður sem nauðsynlega þarf að verða sér úti um peninga til að borga sjúkrareikninga vegna veikinda konu sinnar.

Hann biður eina manninn sem hann veit að hann ætti ekki að biðja um aðstoð, ættleiddan bróður sinn, Danny, sem er geðþekkur glæpamaður.

Í stað þess að hjálpa Will býður Danny honum að taka þátt í stærsta bankaráni í sögu Los Angeles. Þýfið er 32 milljón dollarar. Með líf konu sinnar í húfi getur Will ekki annað en tekið þátt.

Allt fer þó úrskaiðis og bræðurnir stela sjúkrabíl sem í er særður lögreglumaður sem berst fyrir lífi sínu og bráðaliðinn Cam Thompson. Upphefst hraður eltingaleikur sem virðist engan enda ætla að taka.

Fróðleikur

- Síðasta mynd Jake Gyllenhaal var líka endurgerð á danski mynd.
- Þetta er þriðja endurgerð danskrar myndar sem Jake Gyllenhaal leikur í.
- Jake Gyllenhaal og Yahya Abdul-Mateen II leika bræður þrátt fyrir að annar sé hvítur og hinn svartur, rétt eins og Woody Harrelson og Wesley Snipes gerðu í Money Train.

Will og Danny verða að komast undan lögregluliði borgarinnar sem fer í allsherjarútkall vegna málsins. Þeir verða að halda gísl sínum á lífi og einhvern veginn að komast hjá því að drepa hvor annan.

Allt þetta verða þeir að gera í miðjum æsilegasta flótta sem nokkurn tíma hefur sést í Los Angeles.

Myndatakan nýtur sín vel og æsispennandi eltingaleikurinn verður ljóslifandi á hvíta tjaldinu. Áhorfendur taka andköf af spennu hvað eftir annað.

Frumskýnd:
25. mars 2022

Aðalhlutverk:
Eiza Gonzalez, Jake Gyllenhaal, Devan Chandler Long, Garret Dillahunt og Yahya Abdul Mateen II

Handrit:
Laurits Munch Petersen, Chris Fedak og upphaflegt handrit á dönsku er eftir Lars Andreas Pedersen

Leikstjóri:
Michael Bay



Hann biður eina manninn sem hann veit að hann ætti ekki að biðja um aðstoð.



Stórkostleg skemmtun í anda fyrri myndarinnar

Myndin Allra síðasta veiðiferðin er sjálfstætt framhald Síðustu veiðiferðarinnar.

Lítið er vitad um söguþráð en persónur lenda áfram í sjálfskipuðum vandræðum og setja sveitina í uppnám.

Ein aðalpersóna myndarinnar, Valur Aðalsteins fjárfestir, sem Þorsteinn Bachmann leikur, er orðinn ráðherra og flækjast málin þá enn frekar.

þarf að segja meira?
Sjón er sögu ríkari.



Frumskýnd
18. mars 2022

Aðalhlutverk:
Þorsteinn Bachmann, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, Þróstur Leó Gunnarsson, Hilmir Snær Guðnason, Halldór Gylfason, Jóhann Sigurðarson og Sigurður Sigurjónsson.

Handrit og leikstjórn:
Örn Marínó Arnarson og Þorkell S. Harðarson





Mannréttindi á Þýskum kvikmyndadögum

Stundum vill það gleymast að vagga kvikmyndagerðar á öðrum og þriðja áratug síðustu aldar var ekki í Bandaríkjunum heldur Þýskalandi. Þetta var áður en talmyndir komu til sögunnar og helstu stórmenni kvikmyndagerðarlistarinnar var að finna í Berlín fremur en Hollywood.

Bío Paradís, í samstarfi við Goethe-Institut Dänemark og Þýska sendiráðið á Íslandi, stendur fyrir Þýskum kvikmyndadögum í þretánda sinn dagana 11. til 20. mars 2022. Allar myndir á kvikmyndadögum verða sýndar með þýsku tali og enskum texta.

Þessi kvikmyndavíðburður er jafngamall bíóinu sjálfu, Bío Paradís. Geysivinsæll enda ganga áhorfendur að því vísu að vera boðið upp á gæðahlaðborð kvikmynda á þessum árstíma! Opnunarmyndin, *I'm Your Man*, er stórkostleg rómantísk gamanmynd sem gæti svarað vandamálum einhleypra kvenna. Eða hvað?

Mannréttindi eru þema kvikmyndadaganna að þessu sinni og af þessu tilefni verður boðið upp á tvær kvikmyndir sem frítt verður inn á og allir velkomnir. Þetta eru kvikmyndirnar *Dear Future Children*, þar sem leikstjóri myndarinnar situr fyrir svörum (í gegnum vefinn) og *The Ants & The Grasshoppers*.

Í myndinni *Fabian* finnur stefnulaus maður í Berlín ástina á umbrotatímum áður en Hitler tekur yfir.

Með Tom Schilling (*Oh boy, Who am I*) og Saskia Rosendahl




» ***I'm Your Man* er stórkostleg rómantísk gamanmynd sem gæti svarað leyndarmálum einhleypra kvenna. Eða hvað?**

(*Lore, Never Look Away*) í aðalhlutverkum.

Great Freedom fjallar um ótrúlega sögu manns sem situr ítrekað í fangelsi fyrir það eitt að vera sam-

kynhneigður. Gullfalleg kvikmynd sem fjallar um brot á mannréttindum sem snertir hjórtu! Þessi saga gerist í Þýskalandi eftir seinni heimsstyrjöldina, en fram undir 1970 gátu Þýsk stjórnvöld beitt 175. grein hegningarlaga landsins til að sækja samkynhneigða til saka.

Dæmi voru um samkynhneigða sem bandamenn frelsuðu úr útrýmingarþúðum nasista í lok stríðsins sem voru fluttir rակeidið í fangelsi til að aflána dóm sinn að fullu.



Söguhetjan er Hans sem lendir ítrekað í fangelsi vegna kynhneigðar sinnar. Innan veggja fangelsisins finnur hann ástina með Viktori, dæmdum morðingja.

Á næstum aldarfjórðungi eftir síðari heimsstyrjöldina voru 100 þúsund manns sóttir til saka fyrir samkynhneigð í Vestur-Þýskalandi þar til hin illræmda 175. grein hegningarlaga var felld úr gildi.

Af nógu er að taka og á Þýskum kvikmyndadögum í Bío Paradís er eitthvað fyrir alla.



Opnunarviðburðurinn er í boði Þýska sendiráðsins á Íslandi.

Þýskir kvikmyndadagar verða í Bío Paradís 11. til 20. mars 2022.

Örlagasaga eftir Murakami

Drive My Car er fyrst og fremst byggð á samnefndri smásögu eftir Haruki Murakami. Sagan kom út í smásagnasafninu *Men Without Women* 2014. Einnig eru aðrar smásögur í safninu hafðar til hljóðsónar.

Eigin kona Yusuke er Oto, handritshöfundur sem fær hugmyndir að sögum sínum er hún stundar kynmök með eiginmanni sínum og lýsir þeim fyrir honum.

Hún kynnir Yusuke fyrir samstarfsmanni sínum, ungum leikara, Koji Takatsuki. Einn daginn kemur Yusuke snemma heim og kemur að konu sinni og unga leikaranum í ástaratlotum. Hann læðist út ósæður og nefnir þetta aldrei við hana.


Skömmu síðar deyr Oto af völdum heilablæðingar og stuttu síðar brotnar Yusuke saman á sýningu á Vanja frænda eftir Tékov og verður að hverfa af sviðinu.

Tveimur árum síðar er Yusuke boðið að leikstýra Vanja frænda á leiklistarháttid í Hiroshima. Hann velur Koji Takasutki í hlutverk Vanja þrátt fyrir ungan aldur, en ungi leikarinn hafði orðið fyrir álitshnekki vegna óviðeigandi framkomu.

Yusuke fær einkabílstjóra, unga konu, og milli þeirra fer að myndast nánd.

Hann ræðir einnig við Koji og segir honum að hann hafi vitað af sambandi þeirra en ekkert sagt vegna þess að hann var hræddur um að missa Oto.

Sagan er mikil örlagasaga og áður en yfir lýkur neyðist Yusuke til að stíga á svið í stað Koji og vinnur mikinn leiksigur í hlutverki Vanja frænda. ■



Frumskýnd
11. mars 2022

Aðalhlutverk:
Hidetoshi Nishijima, Tōko Miura og Reika Kirishima

Handritshöfundar:
Ryūsuke Hamaguchi, Haruki Murakami og Takamasa Oe – byggð á samnefndri smásögu Haruki Murakami

Leikstjóri:
Ryūsuke Hamaguchi

12

» **Eigin kona Yusuke er Oto, handritshöfundur sem fær hugmyndir að sögum sínum við kynmök.**

Sálin fyrir frægðina

Í myndinni *Nautnum* (*Pleasure*) kemur Bella, 19 ára sænsk stúlka, til Bandaríkjaþakinn 25 húðflúrum, með gataðar geirvörtur og þrá um að komast í kvikmyndir. Ekki hvaða kvikmyndir sem er heldur klámmyndir.

Bella, sem notar nafnið Bella Cherry í kláminu, byrjar á botninum. Hún deilir húsi með sjúkuðum herbergisfélögum og kemst smám saman inn í heim fullorðinsmynda.

Eftir því sem hún kynnist herbergisfélögum sínum betur kemst hún að því að til að verða klámstjarna þarf ung kona að leggja mikið á sig og framkvæma mjög ógeðfella og jafnvel hættulega hluti.

Þetta er stóra sviðið þar sem tvöföld endaparmsmök fyrir framan myndavél eru eitthvað svipað og þrefalt snúningsstökk hjá listdansara á skautum. Æfingin skapar meistaran.

Smám saman færir Bella nær stjörnuhimninum í sínu fagi. Hún kemst að hjá frægum umboðsmanni, Mark Spiegler, sem í myndinni leikur sjálfan sig, en hann gengur undir viðurnefninu Shylock (okurlánarinn).

Með því að verða ein af „stúlkum Spiegler“ er hún komin í hærri deild en gömlu herbergisfélagarnir. Við taka tryllt sundlaugarpartí, myndatökur í glæsivillum Los Angeles og námskeið í öllum helstu brögðum klámíðnaðarins.

Bella er viljasterk og sjálfsörugg og í hrekkleysi sínu heldur hún að hún geti breytt faginu til að þjóna hennar þörfum. Að lokum stendur hún þó frammi fyrir því að þurfa að velja hvort hún er fús til að fórna sál sinni fyrir frægðina.

Myndin er frumraun Ninja Thyberg, handritshöfundar og



Frumskýnd
31. mars 2022

Aðalhlutverk:
Sofia Kappel, Revika Anne Reustle og Evelyn Claire

Handritshöfundur:
Ninja Thyberg

Leikstjóri:
Ninja Thyberg

18

leikstjóra, en stuttmynd hennar með sama nafni hlaut Canal+ verðlaunin í Cannes 2013. ■

Bío Paradís

» **Bella er viljasterk og sjálfsörugg og í hrekkleysi sínu heldur hún að hún geti breytt faginu til að þjóna hennar þörfum.**

BetterYou®

NÝ MAGNESÍUM LÍNA - fullkomið í baðið -

Revive

Sweet Orange & Basil

Magnesium stuðlar
að því að draga úr
þreytu og lúa

Mind

Grapefruit & Eucalyptus

Magnesium stuðlar að
eðlilegri starfsemi
taugakerfisins

Relax

Rose, Geranium & Bergamot

Magnesium stuðlar að
eðlilegri sálfræðilegri
starfsemi



Fæst í Fjarðarkaup, Hagkaup, Heilsuver og öðrum betri apótekum.

Flest getum við speglað okkur í þessari sögu

Tinna Hrafnadóttir, leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar Skjálfta, sem gerð er eftir samnefndri bók Auðar Jónsdóttur, segir kveikjuna að myndinni hafa verið að hún hafi kolfallið fyrir sögunni þegar hún las bókina. Henni hafi fundist hún smellpassa sem kvikmynd. Þetta sé drama, mikil átök.

olafur@frettabladid.is

„Þetta er saga sem ég held að margir geti speglað sig í þar sem hér er sögð saga af fjölskyldu sem getur ekki tekist á við þann veruleika sem hún hefur upplifað.

Ákveðinn atburður gerist í fortíðinni sem við vitum ekki hver er eða hvers vegna hlutirnir eru eins og þeir eru.“

Aðalpersónan, Saga, fær heiftarlegt flogakast á göngu með sex ára syni sínum og missir minnið. Hún reynir í kjölfarið að átta sig á lífi sínu en þar sem hún er einstæð móðir reynir hún að fela afleiðingarnar og hversu lítið hún man af ótta við að henni verði ekki treyst fyrir syninum.

Upphefst þá ferli sem felst í því að hún fer að rannsaka sjálfa sig og eigið líf, hvernig það er og hvers vegna. Sagan fær þá yfirbragð ráðgátu þar sem smátt og smátt er flett ofan af sannleikanum.

„Þetta fannst mér mjög áhugavert fyrir kvikmyndaformið. Ég sá fyrir mér að ég gæti sett áhorfandann í sömu spor og Sögu, þar sem hún og áhorfandinn þyrftu í sameiningu að átta sig á hlutunum, leggja saman tvo og tvo og reyna að komast að því hvaða leyndarmál þetta er sem fjölskyldan býr yfir,“ segir Tinna.

„Þegar ég segi sögur finnst mér mikilvægt að ég tengi við þær persónulega, að minnsta kosti þekki vel þann heim sem þær miðla. Sjálf hafði ég gengið í gegnum hluti sem eru ekkert ósvipaðir þeim sem Saga gengur í gegnum.“

Persónuleg mynd

Í mínu lífi gerðust hlutir sem tók mig smá tíma að átta mig á og finna út úr hvernig ég átti að vinna úr. Þess vegna brann ég fyrir að segja þessa sögu og tengdi svo sterkt við þá afhjúpun sem aðalpersónan gengur í gegnum og þann lærdóm sem hún öðlast.“

Þannig að þetta er persónuleg mynd af þinni hálfu?

„Já, að vissu leyti. Og það sama má segja um Auði. Hún er sjálf flogaveik og hefur tekist á við hluti



Tinna Hrafnadóttir féll fyrir bók Auðar Jónsdóttur, Stóra skjálfta, gat ekki lagt hana frá sér og varð staðráðin í að færa söguna á hvíta tjaldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

í sínu lífi sem hún byggir að mörgu leyti verk sín á því þó að sögurnar hennar séu að sjálfsögðu skáldskapur þá sækir hún gjarnan í þann heim sem hún þekkir.

En þarna fann ég mína eigin speglun, minn eigin hljómgrunn og ég sá fram á að þarna væri komin saga sem gæti orðið bæði spennandi og áhugaverð á hvíta tjaldinu.“

Ólíkir miðlar

Tinna segist hafa þurft að breyta mjög miklu þegar hún skrifaði handritið. Bókin og kvikmyndin séu svo ólíkir miðlar. Talsvert hafi þurft að breyta til að gera bókina að kvikmynd. Bæta þurfti við senum og henda jafnvel út og bæta við persónum.

„Í bókinni er Saga mjög passifur karakter. Lesandinn er mikið inni í hausnum á henni en í myndinni þarf hún að vera aktifari og það var kannski mesta áskorunin mín.“

Tinna segist hafa borið það oft undir Auði hvort hún vildi ekki lesa handritið vegna þess að hún væri að breyta svo miklu, en hún vildi ekki skipta sér af þessu, sagði Tinna bara að segja þessa sögu með sínu nefi, þannig yrði hún sönnust út frá því sem hún vildi skila af sér. Hún segir söguna sjálfa ekki hafa tekið breytingum heldur einungis frásagnarmátann.

Tinna segir myndina hafa fengið

viðbrögð á þann veg að hún haldi fólki á tænum. Haldi því spenntu, það sé forvitnið og vilji fá að vita hvers vegna hlutirnir séu eins og þeir eru.

„Margir sem hafa séð myndina hafa sagt við mig: „Þetta er bara saga um mig. Ég get sagt þér svipada sögu af minni fjölskyldu – það var aldrei talað um þetta og það var aldrei talað um hitt.“

Þetta á ekki sist við núna á þessum tímum þegar fólk er að stiga fram og segja frá hinu og þessu. Ég held að þessi saga eigi mikið erindi vegna þess að hún virðist hreyfa við fólki, ekki sist vegna þess að það virðist geta speglað sig í henni.“

Myndinni frábærlega tekið

Skjálfti er fyrsta leikna kvikmynd Tinnu í fullri lengd. Áður hefur hún gert tvær stuttmyndir. „Mér fannst mikil ábyrgð að gera vinsæla bók að mynd. Maður ber ábyrgð bæði gagnvart höfundu bókarinnar og líka gagnvart áhorfendum.“

Fyrirmyndir sínar sækir Tinna í fólk sem henni finnst segja áhuga-verðar sögur. „Ég er til að mynda mjög hrifin af myndunum hans Benna Erlings. Hann kemur úr leikhúsinu eins og ég og segir sínar sögur með sínu nefi. Mér finnst aðdáunarvert hvernig hann gerir það enda hefur hann uppskorið mikið lof fyrir. Að vissu leyti má

Ég held að þessi saga eigi mikið erindi vegna þess að hún virðist hreyfa við fólki, ekki sist vegna þess að það virðist geta speglað sig í henni.

segja að hans góði árangur hafi styrkt mitt sjálfstraust til að fara þessa leið líka.“

Aferlendum leikstjórum hrifst Tinna af Ruben Östlund sem gerði The Square og Force Majeure. Fyrir The Square vann hann Gullpálmann í Cannes

Skjálfti er Reykjavíkurmýnd, en aðeins er farið upp í Hvalfjörð. „Mér fannst spennandi að gera mynd sem gerist í Reykjavík. Hallgrímskirkjuturn er áberandi í myndinni, svona eins konar kjarni eða miðja í gegnum hana alla en án hans væri engin miðja í borginni. Mér finnst hann líka svo fallegur.

Myndin er tekin einmitt í veðri eins og verið hefur undanfarið,

miklum snjó. Ég bað til guðs að ég fengi snjó því Saga er í áberandi rauðri kápu sem ber mjög skemmtilega við hvítan snjóinn.

Og ég var heppin. Ég fékk þann snjó sem ég bað um.“

Þegar myndin verður frumsýnd hérna heima núna í lok mars verður búið að sýna hana á kvikmynda-hátíðum í fjórum löndum og fyrstu viðtökur hafa verið vonum framar. Hún hefur fengið mikla umfjöllun og dómarnir hafa verið glimrandi góðir.

„Gagnrýnendur hafa einmitt verið hrifnir af þeirri leið sem er farin að sögunni, hvernig fléttast smátt og smátt ofan af henni og því að áhorfandinn er jafn týndur og Saga sjálf.“

Nína Dögg Filippusdóttir átti að leika systur Sögu en þegar tókurnar færðust til sköruðust þær við tókur á Verbúðinni svo að hún varð að segja sig frá hlutverkinu í Skjálfta.

Þá voru góð ráð dýr, en Tinna fékk góða hvatningu frá þeim sem unnu myndina með henni til að taka hlutverkið að sér sjálf, sem varð ofan á. „Ég þekkti persónuna út og inn þar sem ég skrifaði handritið sjálf, svo það varð lítið mál fyrir mig að gefa systurinni Jóhönnu líf,“ segir Tinna Hrafnadóttir og gerir sig klára fyrir ferð til New York. Skjálfta þarf að kynna um allan heim. ■

Brakandi ferskur
BRAEÐINGUR



SUBWAY



Maltesers

súkkulaði á léttan máta



Stígandi unaður

Skemmtilegur fróðleikur um kvikmyndir

Gaman getur verið að grúska og finna skemmtilegan fróðleik um það sem gerist bak við tjöldin við tókur kvikmynda og hvað stendur að baka frægra atriða og skota í myndum. Stundum verða atriði allt öðru vísi en leikstjórar og handritshöfundar höfðu séð fyrir sér.

■ Grænu kóðarnir með svarta bakgrunninum sem fossuðu niður skjáinn í kvikmyndinni **THE MATRIX** (1999), sem systurnar Lilly og Lana Wachowski skrifuðu og leikstýrðu, eru svo sannarlega eftirminnilegir og einkennandi fyrir myndina. Það var Simon Whiteley, framleiðsluhönnuður hjá Animal Logic í Ástralíu, sem átti heiðurinn af sköpun grænu kóðanna. En hvað eru þessir kóðar? Jú, þetta eru uppskriftir að sushi á japönsku, en þær eru skráðar lóðréttar svo það er ekki mælt með því að fara eftir þeim.

■ Suður-kóreska kvikmyndin **PARASITE** var fyrsta erlenda kvikmyndin í sögu Óskarsverðlaunanna til að vinna verðlaun sem besta myndin.

■ Kvikmyndin **PULP FICTION** var fyrst frumsýnd í Suður-Kóreu (10.9.'94), svo Japan (8.10.'94) og Slóvakíu (13.10.'94) áður en hún var loks frumsýnd Bandaríkjunum (14.10.'94).

■ Við tókur á kvikmyndinni **ROCKY IV** gaf Sylvester Stallone mótleikara sínum, Svianum Dolph Lundgren sem lék erkióvin Rocky's Ivan Drago, þau fyrirmæli að reyna að kýla hann kaldan í boxbardaganum. Sviinn fylgdi fyrirmælunum og högg lenti á bringu Stallones sem gerði það að verkum að Stallone þjáðist af hjartaáverka og þurfti hann að vera á gjörgæslu í fimm daga. Slíka tegund af áverka er oftast að finna hjá þeim sem hafa lent í bílslysum.

■ Kvikmyndin **BLADERUNNER** (1982) er lauslega byggð á bók vísindaríthöfundarins Philip K. Dick's *Do Androids Dream of Electric Sheep?* Ridley Scott, leikstjóri myndarinnar, las ekki bókina áður en vinna hófst við kvikmyndina.

■ Í lokaatriði vísindakvikmyndarinnar **BLADERUNNER** flytur stórleikarinn Rutger Hauer eina mögnuðustu einræðu kvikmyndasögunnar, en ræðan heitir „Tears in Rain“ (einnig þekkt sem „The C-Beams Speech“). En kvöldið fyrir tókur á atriðinu tók Hauer ræðuna sem var í handritinu, samdi nýja og flutti í töku án þess að láta Ridley Scott leikstjóra myndarinnar fá vitneskju um það fyrir fram. Mikill fögnuður brast á við lok töku á þessu snilldaratriði.




A113 kemur með einhverjum hætti fyrir í næstum öllum teiknimyndum frá Pixar og Disney. Vísar númerið til skólastofunnar í California Institute of the Arts þar sem kennd er teiknimyndagerð og grafísk hönnun.



Rutger Hauer samdi sjálfur ræðuna í lokaatriði Blade Runner án þess að láta neinn vita. Leikstjórinn heyrði ræðuna fyrst í töku á atriðinu.

Pulp Fiction var ekki frumsýnd í Bandaríkjunum heldur í Suður-Kóreu. Áður en hún var frumsýnd vestra fór hún á hvíta tjaldið í Japan og Slóvakíu.



Við tókur á myndinni Rocky IV sendi Dolph Lundgren Sylvester Stallone á gjörgæsludeild með bylmingshöggi.

■ Páskaegg (dulín skilaboð) eru algeng í teiknimyndum frá Pixar og Disney. Til að mynda kemur númerið A113 fyrir í flestum þeirra en það er númerið á skólastofunni í California Institute of the Arts þar sem kennd er teiknimyndagerð og grafísk hönnun og margir sem vinna við gerð myndanna hafa lært þar list sína.

■ Annað páskaegg (dulín skilaboð) í teiknimyndum frá Pixar er Pizza Planet pallbillinn. Hann er í hverri einustu Pixar-mynd, nema **THE INCREDIBLES**. Honum sást fyrst bregða fyrir í **TOY STORY** (1995), þegar leikföngin fara á vísindapitsustað og þar keyrir Pizza Planet pallbillinn út pitsurnar. Að auki má nefna að hann sést í myndunum **TOY STORY 4**, **THE GOOD DINOSAUR** og **BRAVE**. Pizza Planet pallbillinn er af gerðinni Gyoza Mark VII Lite Hauler árgerð 1978. ■



Parasite var fyrsta erlenda myndin til að vinna Óskarin sem besta mynd. Í ár er japanska myndin Drive My Car tilnefnd sem besta mynd.



Pizza Planet pallbillinn, sem fyrst sást í Toy Story 1995, hefur verið í hverri einustu Pixar-teiknimynd síðan, nema The Incredibles.

SMÁRA BÍÓ

HÓPASKEMMTUN Í SMÁRABÍÓ

Hópefli, veitingar og skemmtun fyrir þinn hóp
Bókaðu þína upplifun á www.smarabio.is

Breytingaskeiðið gerði snemma vart við sig

Laufey Steindórsdóttir hefur gengið í gegnum breytingaskeiðið og segir löngu tímabært að samfélagið leggi blessun sína yfir upplýsta og opinskáa umræðu um skeiðið.

Breytingaskeiðið er eðlilegur hluti af lífskeiði kvenna og eitthvað sem allar konur ganga í gegnum, hins vegar er afar einstaklingsbundið hvernig konur upplifa tilteknar breytingar. Sumar konur upplifa frelsi og fagna þessum tímamótum og því að vera komnar á þann stað í lífinu að búa yfir meiri sjálfsþekkingu, visku og þroska. Hins vegar eru sumar hverjar sem kvíða fyrir þessum breytingum og þeim líkamlegu og andlegu einkennum sem geta fylgt í kjölfarið.

Breytingaskeið kvenna

Flestar konur finna fyrir því þegar hormónabreytingar hefjast, þó svo að þær geri sér ekki alltaf grein fyrir því að um upphaf breytingaskeiðs sé að ræða. Á meðan sumar konur fara létt í gegnum þetta tímabil eru aðrar konur sem upplifa töluvert skert lífsgæði. Einkenni hormónabreytinga geta verið afar mismunandi á milli kvenna en algengustu einkenni sem konur upplifa eru hitakófi, nætursviti, þreyta, svefnleysi, þirringur og depurð. „Einkenni breytingaskeiðsins eru eins mismunandi og við konur eru margar og því er mikilvægt að við tölum saman og leitum leiða sem gagnast hverri einstakri konu. Velliðan og góð heilsa eru sönn lífsgæði,“ segir Laufey Steindórsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Að vera kona er þínu flókið

Laufey Steindórsdóttir hefur upplifað breytingaskeiðið með ýmsum kvillum og deilir hér með okkur sinni reynslu. „Í gegnum mitt lífskeið hef ég áttað mig á því að hormón stýra mínu tilfinningalífi að miklu leyti en mun meira en ég kæri mig um. Þegar ég var 43 ára varð ég skyndilega stýgg, stíf, varnarlaus og vonlaus en það var eitthvað sem að breyttist,“ segir Laufey sem síðar meir leitaði til kvensjúkdómalækni með sín einkenni. „Ég fékk staðfest með blóð-

Velliðan og góð heilsa eru sönn lífsgæði.

Laufey Steindórsdóttir, hjúkrunarfræðingur

prufu hjá mínum kvensjúkdómalækni að sjálft breytingaskeiðið væri hafði. Ég verð að viðurkenna að ég vissi nánast ekkert um þetta dularfulla skeið. Engin í mínu nærumhverfi hafði rætt um breytingaskeiðið og ég sem starfandi hjúkrunarfræðingur hafði ekkert kynnt mér efnið. Þá hófst heimildaleit og sjálf leitin að lausnum til að bæta mína líðan en ég gat ekki hugsað mér að tapa lífsneistanum á besta aldri en þannig leið mér. Svefnlausar nætur með hitakófi og svitaköstum, sveiflur í skapi og þirringur var daglegt brauð og svo gerðist það sem ég ætlaði varla að trúa, ég fór að missa hárið. Fallega, þykka hárið mitt sem hafði verið mitt stolt bara hrundi af í óþægilega miklu magni sem mér þótti verulega sárt. Að vera kona er þínu flókið að mínu mati en jafnframt fannst mér tekinn frá mér hinn sanni lífsneisti sem var kynhvötin, hún hreinlega gufaði upp.“

Tölum saman og leitum leiða að bættri heilsu og líðan

„Fyrir sumar konur getur verið nóg að fara náttúrulegar leiðir til að slá á einkenni og aðrar byrja á hormónum. Þegar mér leið sem verst var minn bjargvættur náttúrabættiefnið Femarelle sem systir mín hvatti mig til að prófa. Eftir rúmlega tveggja vikna inntöku var ég farin að finna mun á svefnæðum því hitakófin nánast hættu. Ég tók Femarelle í heilt ár og er mjög ánægð með þann ávinning sem af þeim hlaut. Í dag er ég byrjuð á hormónum en get svo sannarlega mælt með Femarelle sem náttúrulegri lausn við vægari einkennum breytingaskeiðsins. Það er löngu tímabært að samfélagið leggi blessun sína yfir upplýsta og opinskáa umræðu um þetta margbreytilega skeið í lífi kvenna. Tölum saman og leitum



Laufey Steindórsdóttir hefur gengið í gegnum breytingaskeiðið og segir löngu tímabært að samfélagið leggi blessun sína yfir upplýsta og opinskáa umræðu um skeiðið.

MYND/ADSEND



Femarelle eru hormónalausar vörur hannaðar fyrir konur á mismunandi stigum tíðahvarfa og fást í þremur gerðum.

leiða að bættri heilsu og líðan,“ segir Laufey sem vill gera breytingaskeiðið að eðlilegu umræðuefni og fá almenning til að gera sér grein fyrir því sem fylgir þessu skeiði.

Femarelle á breytingaskeiðinu

Femarelle hefur notið mikilla vinsælda hjá konum allt frá 35 ára aldri og ekki er það að ástæðulausu. Femarelle er náttúruleg lausn en vörurnar eru hannaðar fyrir konur á mismunandi stigum tíðahvarfa sem hefjast

yfirleitt upp úr þritugu þó svo að einkenna verði ekki vart strax. Femarelle vörurnar eru byggðar á rannsóknum leiðandi kvensjúkdómalækna og hafa slegið á fjölmörg einkenni sem tengja má hormónabreytingum. Vörurnar innihalda sérstakt efnasamband sem kallast DT56a en það er unnið úr óerfðabreyttu soja sem hefur þau áhrif að slá á einkenni, ásamt hörfræi og B-vítamínblöndu sem stuðlar að því að halda reglu á hormónastarfseminni. Femarelle

vörurnar eru hormónalaus lausn gegn einkennum breytingaskeiðs og eru hannaðar fyrir konur á mismunandi stigum tíðahvarfa.


Femarelle er fánlegt í þremur tegundum sem hafa það sameiginlegt að innihalda DT56a ásamt vítamínum og bættiefnum sem henta fyrir 40+, 50+ og 60 ára og eldri eins og umbúðirnar gefa til kynna. ■

Fæst í stórmörkuðum, apótekum og heilsuverslunum.

Léttu lifrinni lífið

- Lifrin er allt í senn; vinnslustöð, geymsla og dreifingarmiðstöð því allt sem við látum í okkur eða á, fer í vinnsluferli í lifrinni.
- Lifrin sinnir yfir 100 mismunandi störfum í líkamanum og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni.
- Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.
- Active Liver eflir lifrarstarfsemina, stuðlar að eðlilegum efnaskiptum og heilbrigðri meltingu.

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og stórmörkuðum.



Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSLAGNIR
o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
<https://runarmurari.is/>
runarmurari@gmail.com
VSK 135577

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Mobility.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

job
Eittum draumastarfið saman

Er um við að leita að þér?

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hugar bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

intellecta

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þessum grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is



Nám í alþjóðlegum menntaskóla

Einstakt tækifæri á námi til stúdentsprófs í alþjóðlegu umhverfi

NÁMSSTYRKUR Í BODI

NÁM Í ALÞJÓÐLEGUM MENNTASKÓLA

UWC ER Í FARARBRODDI ALÞJÓÐLEGRAR MENNTUNAR TIL STÚDENTSPRÓFS

Stjórnarráð Íslands Mennta- og barnamálaráðuneytið

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um skólavist við **Alþjóðlega menntaskólann, Red Cross Nordic United World College (RCNUWC) í Flekke, Noregi**, skólaárið 2022-2023. Umsækjendur skulu hafa lokið sem svarar einu ári í framhaldsskóla, hafa gott vald á ensku og vera á aldrinum 16-18 ára. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á vef ráðuneytisins mrn.is/flekk.

Umsóknir berist mennta- og barnamálaráðuneytinu á netfangið mrn@mrn.is í síðasta lagi **fimmtudaginn 24. mars 2022**.

uwcrcn.no

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss, Borgarbyggð

skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111 /2021. Ákvörðunin er aðgengileg á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **1. apríl 2022**.

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að lagning

Rimakotslínu 2 í Rangárpíngi ytra og Rangárpíngi eystra

skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunin er aðgengileg á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **5. apríl 2022**.

Aðalfundur Festi hf.

Aðalfundur Festi hf. verður haldinn þriðjudaginn 22. mars 2022 klukkan 10.00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynnt.
3. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.
4. Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2021.
5. Tillaga að breytingu á samþykktum og uppfærðum starfsreglum stjórnar.
6. Tilnefningarnefnd kynni skýrslu sína og tillögur.
7. Stjórnarkjör.
8. Tillaga um staðfestingu á ákvörðun stjórnar um skipun tveggja einstaklinga í tilnefningarnefnd.
9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
11. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
12. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
13. Tillaga um lækun á hlutafé vegna eigin hluta og breytingu á samþykktum félagsins.
14. Önnur mál löglega upp borin.

Tillögur

a) Ársreikningur (liður 3)

Stjórn leggur til að ársreikningur fyrir árið 2021 verði samþykktur.

b) Arðgreiðsla (liður 4)

Stjórn leggur til við aðalfund að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 1.572.500.000 vegna rekstrarársins 2021 eða kr. 5,0 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verður greiddur til hluthafa þann 8. apríl 2022. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 18. mars 2022 og arðsleysisdagur er því 22. mars 2022. Arðsréttindadagur er 23. mars 2022, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá Festi hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands í lok dags 23. mars 2022.

c) Tillaga um breytingu á samþykktum og uppfærðar starfsreglur stjórnar (liður 5)

Stjórn leggur til að ný málsgrein bættist við 18. gr. samþykktanna og verði 4. mgr. greinarinnar svohljóðandi:

„Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur, síðareglur og reglur um hæfi, orðsporsáættu og hagsmunaaðreka í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög og viðurkennd sjónarmið um stjórnarhætti í almenningshlutafélögum, þar sem sérstaklega skal horft til orðspors félagsins, sem og stjórnarmanna þess og forstjóra. Í reglunum skal m.a. mælt fyrir um verkaskiptingu stjórnar, boðun stjórnarfundar, samskipti og meðferð upplýsinga, mat á sérstöku og almennu hæfi stjórnarmanna og endurmat á hæfi, skipan undirnefnda og annað það sem rétt er að festa í reglur til að stuðla að farsælu starfi stjórnar. Þá skulu reglur um hæfi sem félagsstjórn setur veita aðila, sem er til þess ráðinn af stjórn, formlegt hlutverk um að taka við tilkynningum um meint brot stjórnarmanna og forstjóra á síðareglum stjórnar félagsins og koma slíkum tilkynningum í ferli skv. reglum félagsins um hæfi, orðsporsáættu og hagsmunaaðreka stjórnarmanna og forstjóra.“

Greinargerð:

Er málsgreininni ætlað að auka getu félagsins til þess að takast á við mál sem varða orðspor æðstu stjórnenda og rekstraráættu sem getur tengst því að orðspor þeirra bíði hnekkji. Verði breytingin samþykkt áformar félagsstjórn að breyta starfsreglum stjórnar, setja stjórn sérstakar síðareglur og setja nýjar reglur um mat á hæfi stjórnarmanna og forstjóra orðsporsáættu og hagsmunaaðreka sem saman er ætlað að mynda heildstæða umgjörð um meðferð slíkra mála. Drög að nefndum reglum eru aðgengileg á heimasíðu félagsins.

d) Tillögur tilnefningarnefndar (liður 6)

Tilnefningarnefnd leggur til að í stjórn verði Ástvaldur Jóhannsson, Guðjón Reynisson, Margrét Guðmundsdóttir, Sigrún Hjartardóttir og Þórey G. Guðmundsdóttir

e) Tilnefningarnefnd (liður 8)

Stjórn leggur til við aðalfund að Sigrún Ragna Ólafsdóttir og Tryggvi Pálsson verði kjörin í tilnefningarnefnd.

f) Kjör endurskoðanda (liður 9)

Stjórn leggur til að Deloitte ehf. verði endurskoðunarfirma félagsins og Þorsteinn Pétur Guðjónsson og Pétur Hansson verði endurskoðendur Festi.

g) Þóknun til stjórnar (liður 10)

Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

Stjórnarformaður fái kr. 780.000 á mánuði.
Varaformaður stjórnar fái kr. 585.000 á mánuði.
Aðrir stjórnarmenn fái kr. 390.000 á mánuði.

Fulltrúar í starfskjaranefnd fái kr. 60.000 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 115.000 á mánuði.

Fulltrúar í endurskoðunarnefnd fái kr. 95.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 170.000 á mánuði.

Formaður fjárfestingaráðs fái kr. 160.000 á mánuði.

Formaður tilnefningarnefndar fái kr. 135.000 á mánuði, nefndarmaður kr. 115.000 á mánuði og fulltrúi stjórnar Festi í nefndinni fá kr. 77.000 á mánuði.

h) Heimild til kaupa á eigin hlutabréfum (liður 12)

Stjórn leggur til:

„Aðalfundur Festi hf. haldinn 22. mars 2022 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útbodsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2023. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Greinargerð:

Með tillögunni er lagt til að stjórn félagsins fái endurtekna heimild til endurkaupa í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útbodsfyrirkomulagi, í því skyni að lækka hlutafé félagsins. Í öllum tilvikum skal jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi til endurkaupa eigin hluta er háð því að skilyrði laga og reglugerða um endurkaup eins og þau eru á hverjum tíma séu uppfyllt. Um formlega endurkaupaáætlun gilda ákvæði laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, og reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Við ákvörðun og framkvæmd endurkaupaáætlunar verði farið að ákvæðum þeirra eins og þau eru á hverjum tíma og við framkvæmd hennar skuli tryggja gagnsæi slíkra viðskipta með eigin hluti. Með tillögunni er lagt til að félaginu verði einnig heimilt að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útbodsfyrirkomulagi. Stjórn hafði sambærilega heimild síðastliðið starfsár og var heimildin nýtt einu sinni með svonefndu öfugu útbodsfyrirkomulagi. Ákveði stjórn að nýta slíka heimild skal það gert í samræmi við ákvæði gildandi laga, jafnræði hluthafa skal tryggt og fjármálafyrirtæki falið að annast framkvæmd samkvæmt samningi. Lagt er til að heimild til endurkaupa verði tímabundin og að hún verði endurskoðuð á næsta aðalfundi félagsins.

i) Lækun hlutafjár (liður 13)

„Aðalfundur Festi hf., haldinn 22. mars 2022, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 323.500.000 að nafnverði í kr. 312.500.000 að nafnverði, einvörðungu til lækkunar eigin hluta á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með um kr. 11.000.000 að nafnverði. Lækkunin tekur einvörðungu til eigin hluta sem félagið hefur eignast með kaupum á eigin hlutum samkvæmt endurkaupaáætlun sem var samþykkt á síðasta aðalfundi félagsins þann 22. mars 2021 á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.“ Hljóti tillagan samþykki aðalfundar verður fjárhæð hlutafjár í samþykktum félagsins breytt til samræmis, þannig að gr. 4.1. í samþykktum félagsins orðist eftirleidis svo: „Hlutafé félagsins er 312.500.000, - þrjúhundruðogtólfmilljónirogfm mhundruðþúsund“.

Greinargerð með tillögu um lækun hlutafjár til jöfnunar eigin hluta:

Stjórn Festi hf. leggur fyrir aðalfund haldinn þann 22. mars 2022 tillögu um að hlutafé félagsins verði fært niður um kr. 11.000.000 að nafnverði. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að hlutafé félagsins verði lækkað um sömu fjárhæð að nafnverði og eigin hlutir félagsins eru. Hlutina hefur félagið keypt á markaði með heimild aðalfundar síðasta árs, sem lið í endurkaupaáætlun og lækkun hlutafjár til að stuðla að betri fjármagnsskipan samkvæmt ákvörðun stjórnar. Verði tillagan samþykkt þá lækkar nafnverð hlutafjár félagsins úr kr. 323.500.000 í kr. 312.500.000. Nafnverð hlutafjár samkvæmt grein 4.1. í samþykktum félagsins breytist til samræmis.

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.
- 19.30 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Bíóbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.11 The Late Late Show
- 13.51 The Bachelorette
- 15.12 mixed-ish
- 15.33 Survivor
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Carol's Second Act
- 19.40 Black-ish
- 20.10 The Bachelor
- 21.40 Beverly Hills Cop Detroit-löggan Axel Foley fær vin sinn Mikey Tandino í heimsókn, sem skömmu seinna er myrtur af manni að nafni Zack. Axel eltir Zack til Beverly Hills þar sem lögreglustjórinn Andrew Bogomil setur lögreglumennina Billy Rosewood og John Taggart í að hafa auga með Axel. Axel heimsækir vin sinn Jenny Summers og uppgötvar að Zack vinnur fyrir yfirmann Jennyra, Victor Maitland. Með hjálp Jenny, Billy og Taggart, þá gerir Axel hvað hann getur til að Maitland og Zack myrði ekki fleira fólk.

RÚV Sjónvarp

- 12.00 ÓL 2022: Setningarathöfn
- 13.20 Heimaleikfimi
- 13.30 Kastljós
- 13.55 Útsvar 2009-2010
- 14.50 Hljómsveit kvöldsins
- 15.15 89 á stöðinni
- 15.35 Kvöldstund með listamanni 1986-1993
- 15.50 Stíklur
- 16.30 Söngvakeppnin 2022
- 17.50 Sögur af handverki
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Þorri og Þura - vinir í raun
- 18.12 Maturinn minn
- 18.23 Matargat
- 18.28 Stundin rokkar
- 18.35 Húllumhæ
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Kastljós
- 20.00 Gettu betur Bein útsending frá spurningakeppni framhaldsskólanna. Spurningahöfundar og dómara eru Laufey Haraldsdóttir, Jóhann Alfreð Kristinsson og Sævar Helgi Bragason. Spyrill er Kristjana Arnarsdóttir. Stjórn útsendingar: Ragnar Eypórsón.
- 21.10 #12 stig - Úrslitalögin Stuttir þættir þar sem lögin sem komust áfram í fyrri og seinni undankeppni Söngvakeppninnar 2022 eru kynnt.
- 21.25 Vikan með Gísla Marteini
- 22.20 Vera
- 23.50 Lítill þúfa - Mótmæli við Mangrove
- 01.55 ÓL 2022: Brun
- 05.55 ÓL 2022: Skíðaskotfimi
- 07.00 Dagskrárlok

- 23.25 The Take
- 00.55 Broken City
- 02.30 Bleeding Heart
- 03.55 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.15 The O.C.
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Mr. Mayor
- 09.40 Hell's Kitchen
- 10.25 Making It
- 11.05 Years and Years
- 12.05 Framkoma
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 Nei hættu nú alveg
- 13.35 Ég og 70 mínútur
- 14.05 BBQ kóngurinn
- 14.25 Grand Designs: Australia
- 15.15 The Bold Type
- 16.00 Shark Tank
- 16.40 Real Time With Bill Maher
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.40 Sportpakkinn
- 18.55 Glaumbær
- 19.25 Confessions of a Shopaholic
- 21.10 Freaky
- 22.50 Jumanji: The Next Level
- 00.50 The Hangover
- 02.25 The O.C.
- 03.05 Mr. Mayor
- 03.30 Making It

Benni Bó prófar píluna

Íþróttavikan með Benna Bó er á dagskrá Hringbrautar í kvöld eins og aðra föstudaga en þar er alla jafna fjallað um allt það helsta í íþróttalífi landsmanna. Meðal efnis í þætti kvöldsins er píla, en sportið atarna er að verða sérlega vinsæl íþróttgrein hér á landi – og því þá ekki að láta þann besta, Matthías Örn Friðriksson, kenna sér gripin?



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 kassi
- 5 segja
- 6 goð
- 8 dandalast
- 10 líka
- 11 kvk nafn
- 12 þófta
- 13 hnifur
- 15 ávöxtur
- 17 flott

LÓÐRÉTT

- 1 skaka
- 2 skjögur
- 3 þjófnaður
- 4 ögn
- 7 skilja
- 9 skynja
- 12 málhelti
- 14 þar til
- 16 ryk

LÁRÉTT: 1 skrin, 5 tía, 6 ás, 8 rangla, 10 og, 11 rin, 12 sess, 13 strokka, 2 klæg, 3 rán, 4 náhús, 7 sanr. LÓÐRÉTT: 1 strokka, 2 klæg, 3 rán, 4 náhús, 7 sanr. sasl, 9 greina, 12 stam, 14 uns, 16 ar.

Sudoku

2	3		4		1		9	7
	7		9	8	2			
				5		4	2	
	2	6	1	3		9	8	
9			7				6	
	1	8						
3								
			8			7	4	
1			6	2	4	3		

	6		8			9	1	
		1	6				4	3
	5			2		6		
4		6						9
	9		4					
			9	3			5	
	4			5	7		8	
1								
2		5				1		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



Ákvað að elska hann fyrir það sem hann var

Bakgrunnur Söndru Hlifar Ocares er sannarlega litríkur, allt frá föðurnum sem flúði ógnarstjórn Pinochet í Chile að hústökuhúsinu sem hún gerði upp fyrir sig og dæturnar eftir skilnað. Hún segist hafa kjaftað sig bæði inn í menntaskóla og háskóla og tók við sem formaður Barnaverndarnefndar Reykjavíkurborgar aðeins 29 ára gömul.



Trúðum um of á hinsegin paradísina

Þau Daniel Arnarsson og Þorbjörg Þorvaldsdóttir hafa saman stýrt Samtökunum '78 undanfarin þrjú ár. Þau segja að samfélagið hafi sofð á verðinum.



Saman í gegnum súrt og sætt

Vinkonurnar Unnur Ösp Stefánsdóttir og Vigdís Hrefna Pálsdóttir leika vinkonur í verkinu Framúrskarandi vinkona. Verkið sýnir sögulega atburði í gegnum vinskapaþessara kvenna.

OPIÐ HÚS

LAUGARDAG KL. 13:00 - 16:00
SUNNUDAG KL. 13:00 - 16:00



Aðkoma að Valshlíð 16

HLÍÐARENDI

Glæsilegar og vandaðar íbúðir eru nú til sölu á Hlíðarenda við rætur Öskjuhlíðar í Reykjavík. Frábær staðsetning nálægt miðpunkti miðbæjarins í glænýju póstnúmeri, 102 Reykjavík. Stutt er í alla helstu þjónustu, frábærar gönguleiðir, íþróttir, samgöngur, iðandi mannlíf, skóla og stóra vinnustaði. Garðurinn er einstaklega fallegur og skjólgóður. Hann er lokaður af með húsunum sem gefa gott skjól og frið frá iðandi umferð miðbæjarins. Í hönnun garðs var gert ráð fyrir skemmtilegum runnum og trjám ásamt borðum og bekkjum og upplýstu leiksvæði fyrir börn, sem gerir svæðið mjög fjölskylduvænt.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á

102HLIDARENDI.IS

- Innréttingar frá JKE Danmörku
- Boðið er upp á þrjár gerðir innréttinga
- Innanhússhönnun MSTUDIO Reykjavík
- Steinborðplötur
- Bílskúrar fylgja ákveðnum íbúðum
- Tvö baðherbergi
- Paksvaflir/pakgarðar með einstöku útsýni
- Lofthæð 280 cm
- Gólfíðir VELFAC-gluggar
- Miele-tæki
- Lokaður og skjólgóður garður
- Bílastæði í bílakjallara
- Rafmagn í gluggatjöldum
- Myndavélarýrasími sem tengist við snjallsíma
- Álklætt og einangrað að utan
- Aukin hljóðvist
- Rafmagnshönnun og innfelld lýsing hússins hönnuð af Lúmex
- Allar íbúðir með LED-lýsingu
- Rafbílaheimtaug í bílakjallara
- Arkitektar hússins, ALARK arkitektar

 **EIGNAMÍÐLUN**


Grensásvegur 11 - www.eignamidlun.is - Sími 588 9090

 **LIND**
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 - www.fastlind.is - Sími 510 7900

Ögurhvarf

Velkomið í 10-20
hópin



BÓNUS

það munar um minna

Mundu eftir



**Euro
Shopper er
hagkvæmasti
valkosturinn
í hverjum
vöruflokki í
Bónus**

Lokaorð í fangabúðum nasista

TÓNLIST

Heiða Árnadóttir og Tinna Þorsteinsdóttir á Myrkum músikdögum

Verk eftir: Guðmund Stein Gunnarsson, Þórunni Björnsdóttir, Þórönnu Dögg Björnsdóttir og Gunnar Karel Másson
Norðurljós í Hörpu þriðjudaginn 1. mars

Jónas Sen

Það er nótt og húsráðandi, kona, sefur óvært. Hún umlar af og til og skrækir upp úr svefni. Hæna hefur sloppið úr hænsnabúinu í garðinum og komist inn í íbúðina. Hún stendur á borðstofuborðinu, kroppar í matarleifar og gaggar. Að öðru leyti er allt hljótt.

Einhverntíð veginn svona virtist hljóðheimurinn vera í Adibaran Ocirebal, sólóperu fyrir eina rödd og rafhljóð eftir Guðmund Stein Gunnarsson. Verkið var flutt á opnunartónleikum Myrkra músikdaga í Norðurljósum í Hörpu á þriðjudagskvöldið. Heiða Árnadóttir söng, og

var með ljósaseríu innanklæða, sem lýsti hana upp að hálfu leyti. Hún var staðsett á svölunum í kringum salinn. Þar gekk hún hægt rangsælís í myrkri á meðan hún framkallaði kostulegu hljóðin fyrrgreindu, með alls konar skrýtnum undirleikshljóðum.

Tónlistin hafði sjarma, og hún var drepfyndin. Er á leið og ekkert annað bar til tíðinda fór verkið þó að verða nokkuð langdregið. Kannski hefði úrvinnsla hugmyndanna mátt vera djarfari og stærri um sig, því það sem hér bar fyrir eyru risti ekki djúpt.

Tístandi orgel og óræður seiður

Spirit III – endurstilling eftir Þórunni Björnsdóttur var ekki heldur fugl né fiskur. Það var ómerkilegt tíst úr barka söngkonunnar við önnur eins tíst úr stofuorgeli sem Tinna Þorsteinsdóttir lék á. Af og til blés Heiða í rör og framkallaði þannig loftbólur í misstórum vatnsílátum. Ég læt lesandanum eftir að dæma hversu spennandi það var.

Hin verkin á tónleikunum voru mun áhugaverðari. Ilm- og ómleikar eftir Þórönnu Dögg Björnsdóttur voru magnaðir. Tónlistin saman-



Guðmundur Steinn Gunnarsson, Gunnar Karel Másson, Þórunni Björnsdóttir, Heiða Árnadóttir, Tinna Þorsteinsdóttir og Þórönnu Dögg Björnsdóttir.

MYND/MYRKIR MÚSÍKDAGAR

stóð af kröftugum, dökkum, liggjandi hljóðum sem voru skreytt alls konar skærum tónum. Yfir öllu trónaði tilkomumikill söngur Heiðu, og laglinan var gripandi. Það var eitthvað órætt og annarsheimslegt við tónlistina, eitthvað lokkandi og seiðandi, sem erfitt er að skilgreina með orðum. En fögur var hún.

Átök við lögreglu

Songs of Despair/Songs of Violence eftir Gunnar Karel Másson voru líka fallegir. Textarnir voru annars vegar úr bréfum frá föngum í fangabúðum nasista, og hins vegar lokaorð blökkumanna sem hafa látist af völdum lögreglumanna í Bandaríkjunum.

Tónlistin minnti á þá sem Schöberg samdi fyrir um hundrað árum síðan, en virkaði samt ekki gamaldags.

Söngurinn var dálítið eins og söngles, ómstríður og leitandi, þrunginn tilfinningum sem snertu mann. Meðleikur Tinnu, annars vegar á leikfangapíanó og svo á flygil þar sem alls konar dóti hefur verið komið fyrir á strengjunum, var hástemmdur, hrifandi og einstaklega litríkur. Þetta var flott.

Mamma pikkar á tölvu

Loks ber að nefna tónsmíð sem bar nafnið Mamma pikkar á tölvu sumarið 1988 eftir Guðmund Stein. Hún var fyrir leikfangapíanó. Tónhendingarnar voru hnitmiðaðar og hljómurinn í hljóðferinu var skemmtilegur. En rétt eins og í fyrsta verkinu sem hér var nefnt, gerðist fátt.

Kannski er það besta sem segja má um tónlistina að hún var ekki löng og ber að þakka fyrir það. ■

NIÐURSTADA: Misspennandi verk á opnunartónleikum Myrkra músikdaga.

Rafrænn aðalfundur Símans hf.

verður haldinn fimmtudaginn 10. mars 2022 kl. 16.00

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Staðfesting ársreiknings samstæðu og móðurfélags. Ákvörðun tekin um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Breytingar á starfsreglum tilfnefningarnefndar.
5. Kosning þriggja einstaklinga í tilfnefningarnefnd.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra sem og þóknun nefndarmanna í undirnefndum og í tilfnefningarnefnd.
10. Kaupréttaráætlun fyrir starfsmenn lögð fram til samþykktar.
11. Kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og lykilstarfsmenn lögð fram til samþykktar.
12. Tillaga um lækun á hlutafé vegna eigin hluta og breytingu á samþykktum félagsins.

13. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.

14. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá.

15. Önnur mál.

Tillaga er um breytingar á samþykktum félagsins vegna lækkunar hlutafjár sem varðar grein 4.1 í samþykktunum. Þá er lögð til breyting á viðauka við samþykktir sem tengist heimild til kaupa á eigin hlutum félagsins.

Stjórn félagsins hefur ákveðið í samræmi við grein 10.6. í samþykktum félagsins að aðalfundur verði haldinn rafrænt. Allir hluthafar sem ætla að sækja fundinn skulu skrá sig á www.lumiconnect.com/meeting/siminn eigi síðar en klukkan 16.00 daginn fyrir fund, þ.e. **miðvikudaginn 9. mars 2022**. Fundurinn fer fram í gegnum tæknibúnaðinn Lumiglobal.

Fundurinn verður haldinn að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík og geta hluthafar einnig sótt fundinn, þótt fundurinn sé rafrænn. Sérstök athygli er vakin á því að atkvæðagreiðslur og umræður verða einungis rafrænar á aðalfundinum.

Stjórn Símans hf.

Vísad er til Kauphallartilkynningar Símans frá 16. febrúar 2022 þar sem boðað var til fundarins. Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins, þar á meðal skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir fundinn eru aðgengilegar á heimasíðu Símans, siminn.is/umsimann/fundur.



Rithöfundurinn Þórunni Björnsdóttir er á meðal þeirra sem munu halda erindi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ráðstefna um barna- og unglingsbókmenntir

tsh@frettabladid.is

Árleg ráðstefna um skáldskap fyrir börn og unglinga verður haldin í Borgarbókasafninu Gerðubergi á morgun undir yfirskriftinni Allskonar öðruvísi – Skáldskapur í margbreytilegum heimi.

„Í ár beinum við sjónum okkar að því hvernig margbreytileiki birtist í barnabókmenntum. Um mikilvægi þess að tilheyra og eiga heima í skáldskap. Persónur, börn og unglingar, fjölskyldur, kyn, kynhneigð, efnahagur, skynjun, þjóðerni, tungumál, upplifun á veruleikanum er alls konar og það er gott að vera öðruvísi,“ segir í tilkynningu Borgarbókasafnsins.

Gestum mun gefast tækifæri til að hlýða á hugleiðingar um barnabókmenntir og taka þátt í umræðum um hlutverk og stöðu bókmennta fyrir börn og ungmenni í dag.


Fjórir rit- og myndhöfundar halda erindi um sýn sína á barnabókmenntir fyrir og nú. Það eru þau Þórunni Rákel Gylfadóttir, handhafi Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2021, Atla Hrafney, myndasöguhöfundur og formaður Íslenska myndasögusamfélagsins, Sverrir Norland, rithöfundur, þýðandi og útgefandi barnabóka, og Þórunni Gísladóttir, rithöfundur og þýðandi.




Gestum mun gefast tækifæri til að hlýða á hugleiðingar um barnabókmenntir og taka þátt í umræðum um hlutverk og stöðu bókmennta fyrir börn og ungmenni í dag.

Að sögn Borgarbókasafnsins munu þau fjalla um það hvernig er að skrifa og teikna fyrir börn og ungmenni í dag. Um fjölbreytta og jafnvel jadarsetta hópa, um hugarflug og frelsi til þess að vera og tilheyra í myndasögum og margbreytilegum skáldskap, að fá að vera aðalpersónan og geta speglað sig og vaxið í raunverulegum ævintýrum.

Ráðstefnan fer fram í Borgarbókasafninu Gerðubergi á morgun, laugardaginn 5. mars, klukkan 10.30-13.00 og verður einnig aðgengileg í streymi á Facebook. Fundarstjóri er rithöfundurinn Hilmar Örn Óskarsson og myndhöfundur kynningarfnis er Ari H. G. Yates. ■



3990.-



1999.-



590.-



BÓKA

MARKAÐURINN

Laugardalsvelli


ÓTRÚLEGT ÚRVAL

OPIÐ
KL. 10 – 21
ÖLL KVÖLD



DÚSUNDIR TITLA

24. FEBRÚAR - 13. MARS



1999.-



1290.-



1290.-



690.-




1999.-



3999.-



7990.-



990.-

Þóra brunaði glæpabrautina á tvöföldum hraða

Þóra Karítas fór, stundum á tvöföldum hraða, í gegnum vinsælar norrænar glæpasögur fyrir sjónvarpsþættina Morð í norðri þar sem hún kannar hvað veldur því að velferðarsamfélög eru jafn frjór jarðvegur reyfara og raun og miklar vinsældir bera vitni.

toti@frettabladid.is

Sjónvarp Símans er byrjað að sýna þættina Morð í norðri þar sem leikkonan og rithöfundurinn Þóra Karítas Árnadóttir yfirheyrir nokkra þekktustu krimmahöfunda Norðurlanda; Danina Söru Blædel og Jussi Adler Olsen, Sviana Lars Kepler og Viveca Sten, Finnana Kati Hiekkapelto og Antti Toumainen, Agnes Ravatn og Gunnar Staalesen, frá Noregi, að ógleymdum Íslendingunum Yrsu Sigurðardóttur og Ragnar Jónassyni.

„Þetta var bara ótrúlega gaman að hitta þau og það er alltaf gaman að tala við skapandi einstaklinga sem eru að fást við svipaða hluti og sjá hvernig þeir vinna,“ segir Þóra um þennan fjölbreytta og ólíka hóp höfunda sem allir eiga þó sameiginlegt að fjalla um morð og aðra ofbeldisglæpi í verkum sínum.

Þóra segist hafa lagt upp með að gera þætti með víða skirskotun meðal annars með því að heim-sækja höfundana og söguvið vinsælustu bóka þeirra og draga þannig fram kennileiti hvers lands fyrir sig og innblásturinn sem höfundarnir sækja í umhverfi sitt.

Hraðnámskeiði í glæpum

Lögregluáðurinn og handritshöfundurinn Ragnar Jónsson kom upphaflega með hugmyndina að Morði í norðri til Þóru og sagðist ekki skilja af hverju það væri ekki löngu búð að gera svona viðtalsþætti við glæpasagnahöfunda á Norðurlöndunum.

Þóra sá strax möguleikana í hugmyndinni og að hún væri þarna komin með sitt næsta verkefni. „Af því að ég var nýbúin að gefa út bók og var ekki alveg tilbúin til að fara að demba mér í skrif strax aftur,“ segir Þóra sem kynnti hugmyndina fyrir Pálma Guðmundssyni, dag-skrárstjóra Sjónvarps Símans, sem sló til.

„Þá fór ég bara á fullt að lesa og notaði Storytel mikið og hlustaði stundum á tvöföldum hraða af því ég var svo mikið að reyna að ná alla-vegana einni til tveimur bókum eftir hvern höfund,“ segir Þóra og hlær þegar hún viðurkennir að hún



Þóra var hæstánægð með ánægjulegan fund með töffaranum Jussi Adler Olsen í Árósum.

MYND/STEINGRÍMUR JÓN



Yrsa Sigurðardóttir og Þóra sem þakkar henni og Ragnar Jónassyni hversu vel gekk að fá kollega þeirra í þáttinn.



Ragnar Jónsson á sögu-slóðum ásamt löggjum tveimur, einum einkennisklæddum og nafna sínum Jónssyni.

hafi ekki verið neitt sérstaklega fyrir glæpasögur fyrr en hún byrjaði að undirbúa Morð í norðri.

„Ég hafði náttúrlega lesið eitt-hvað á íslensku eftir Ragnar og Yrsu en annars var ég í rauninni bara á glæpasagnanámskeiði á meðan ég var að lesa og undirbúa mig fyrir þetta.“

Skuggahlíðar Skandinavíu

Morð og aðrir glæpir eru vitaskuld helsta sameiningartákn þeirra ellefu höfunda sem Þóra ræddi við en að öðru leyti eru þau, sögur þeirra og efnistöð um margt ólík og öll hafa þau einhverja sérstöðu.

„Það var samt kannski svolítið



Það var samt kannski svolítið gaman að sjá að öll eru þau með einhver eldfim samfélagsleg málafni sem þau læða inn í bækurnar þannig að það er alltaf verið að draga fram einhverja skuggahlíð á þessu svona annars fyrirmyndarriki sem tengist hugmyndinni um Skandinavíu.

gaman að sjá að öll eru þau með einhver eldfim samfélagsleg málafni sem þau læða inn í bækurnar þannig að það er alltaf verið að draga fram einhverja skuggahlíð á þessu svona annars fyrirmyndarriki sem tengist hugmyndinni um Skandinavíu.

Þessir glæpasagnahöfundar láta sig greinilega ýmislegt varða en þau eiga líka öll sameiginlegt að vera bara alveg megahress, sjarmerandi og skemmtilegt fólk sem auðvelt er að tala við.“

Glæpsamleg jafnréttisstefna

Þóra segist hafa verið ákveðin í að hafa kynjahlutföllin jöfn í þáttun-

Viðmælendur Þóru

Ísland

Yrsa Sigurðardóttir
Ragnar Jónsson

Svíþjóð

Lars Kepler (Alexandra Coelho og Alexander Ahndoril)
Viveca Sten

Finnland

Kati Hiekkapelto
Antti Toumainen

Noregur

Agnes Ravatn
Gunnar Staalesen

Danmörk

Jussi Adler Olsen
Sara Blædel

um og hún hafi því talað við karl og konu í hverju landi og eina skekkjan felist í sænska Lars Kepler sem er í raun tvær manneskjur og höfundarnafn hjónanna Alexöndru Coelho og Alexanders Ahndoril.

Þá eru andstæður borgar og sveitar dregnar fram í hverju landi fyrir sig og umhverfinu leyft að njóta sín sem merkingarbær hluti af umgjörðinni.

„Þetta var bara í anda höfundanna. Hress, fallett og skemmtilegt eða bara eins og þetta í raun og veru var og við fáum þessa kontrasta sem er náttúrlega myndatökumanninum okkar, Steingrími Jóni Þórðarsyni, að þakka. Hann vann allt Sjálfstætt fólk með Jóni Ársæli og er ofboðslega öflugur,“ segir Þóra og bætir við að Steingrímur klippi einnig þættina. Þá segir hún ekki hjá því vikist að nefna tónlist Eðvarðs Egilssonar sem setji einnig sitt mark á þættina.

Glæpareisubók

Morð í norðri eru sýndir á fimmtudagskvöldum klukkan 20.30 í opinni línulegri dagskrá Sjónvarps Símans en serían er einnig öll aðgengileg með Premium-aðgangi.

„Fólk er að horfa á þetta í beit sem er mjög skemmtilegt,“ segir Þóra. „Þá færðu allt ferðalagið um Skandinavíu á einu bretti og ef þú þekkir ekki höfundana þá færðu hugmynd um hvern þig gæti langað að lesa. Vegna þess að þetta eru ólíkir höfundar sem er líka mjög skemmtilegt. Þau hafa öll sinn stíl þótt glæpir séu alltaf viðfangsefnið og það er ábyggilega þess vegna sem gróskan er svona mikil í þessu.“ ■

Náttúruleg slökun & góður nætursvefn

Áttu erfitt með að slaka á, festa svefn eða fá næturhvíld?

Slakandi blanda sem inniheldur Magnolíu börk og íslensk fjallagrös

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

sofðu rótt

Hrein Magnolia með fjallagrös

60 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvöruslun og flestum stórvörumörkuðum.

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

Flosi ekki til í að skrökva um rifrildi

odduaevar@frettabladid.is

Heyra mátti harmakvein þúsunda hlustenda vinsælasta hlaðvarps landsins, Drauga fortíðar með þeim Flosa Þorgeirssyni og Baldri Ragnarsyni, þegar þeir tilkynntu í vikunni að þeir væru á leið í frí.

„Þetta hefur vakið meiri athygli en ég átti von á,“ segir Flosi um viðbrögðin. Í hlaðvarpinu ræða þeir Baldur allt á milli himins og jarðar svo lengi sem það tengist mannkynsögunni. Flosi er einmitt sagnfræðingur þótt hann sé þekktari fyrir að vera gítarleikari í HAM. Hann segist á léttu nótunum ekki kenna í brjósti um æsta addáendur hlaðvarpsins.

„Við vorum alveg á því að við skulduðum engum neitt nema okkur sjálfum, enda búnir að standa vaktina vikulega síðan í maí 2020,“ segir Flosi.



Strákarnir eru með eitt vinsælasta hlaðvarp landsins. MYND/ADSEND

„Við fundum það bara á okkur að þetta hentaði okkur vel, að taka okkur hlé. Ég með mitt þunglyndi, ég áttaði mig ekki á því að ég þoli ekki jafn mikið álag og venjulegir menn. Ég vil gleyma því og dett í íslenska karlmanninn sem ætlar bara að massa allt,“ segir Flosi.


„Ég skræði mig í fullt mastersnám og því fylgir náttúrulega kvíði og spennu og áður en ég vissi þá var ég búinn að krassa í eitthvert þunglyndi og sagði Baldri að ég vildi helst taka pásu og hann sagði að þessi tímunktur hentaði sér bara mjög vel,“ segir Flosi.

„Baldur vissi að ég væri að fara að tala við þig og hann vildi endilega að ég myndi koma einhverjum orðrómi af stað um að við værum orðnir rosalegir óvinir. Ég bara get það ekki. Ég get ekki logið svoleiðis. Hann gæti það kannski,“ segir Flosi hlajandi.



„Ég átti að segja eitthvað eins og „Baldur er dauður fyrir mér,“ en ég get það ekki. Við erum alveg jafn góðir vinir og ætlum að gera meira saman, engin spurning,“ segir Flosi sem segir nóg eftir í sarpinum, þeir séu alls ekki alfarið hettir. ■

RÍSTU UPP Í LJÓMA úr skugganum

Nýjar rannsóknir SENSAI benda til þess að hrukkur og fínar línur eiga til að varpa skugga sínum á húðina sveipa hana blæju grámans. Þessa skugga verður að hrekja á burt til að húðin geti risið upp í ljóma og sýnt sitt fegursta. Þegar hulu grámans er svipt í burtu þá laðast húðin að SILK SKIN sem lýsir upp að innan.



Anti-Wrinkle & Radiance Care
ABSOLUTE SILK ILLUMINATIVE CREAM

sensai-cosmetics.com  

20% afsláttur
af öllum SENSAI vörum
4. - 9. mars

HAGKAUP



BÍÓ bærinn

BÍÓBÆRINN

FÖSTUDAGA KL. 20.00

Gunnar Anton og Árni Gestur fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndardóma kvikmyndaheimsins.



HRINGBRAUT



Aude fer sjálf með aðalhlutverkið og býður börnum og fullorðnum að ihuga tilgang lífsins.

MYND/ADSEND

Lærir margt á því að ræða tilgang lífsins við börnin

Aude Busson getur loksins framsýnt barnaleikritið sitt *Manndyr* þann 13. mars í Tjarnarbíó eftir mikla kófbíð. Hún segir börn bestu kandidata til að ræða áleitnar spurningar um tilgang lífsins.

odduraevar@frettabladid.is

„Hugmyndin að verkinu kviknaði þegar ég las frönsku bókina *L'Enfant, eða Barnið*,” segir Aude. *Manndyr* er þátttökuverk þar sem krakkar frá fjögurra ára aldri geta tekið þátt og svarað spurningum um tilvist sína.

Aude útskýrir að í bókinni hafi aðalpersónan, lítill strákur Leonard að nafni, einmitt staðið frammi fyrir áleitnum spurningum um tilveruna. „Þannig kviknaði hugmyndin bara að því að spyrja börn einfaldlega: Til hvers eruð þið?”

Aude setti á laggirnar heimspeki-vinnustofur fyrir krakka í Landakotsskóla í kjölfarið en hljóðmynd verksins byggist einmitt á þeim svörum. „Þar ræddum við þetta með börnunum. Hvert er hlutverk mannsins í heiminum? Hvert er hlutverk barna í heiminum? Hvað ef við værum ekki til?”



Verkið er þátttökuverk þar sem gestir eru hluti af sjálfri sýningunni.

Aude þurfti svo að setta sig við að bíða eftir því að geta sett verk sitt á svið, jafnvel þótt það væri fullbúið, auðvitað vegna kófsins mikla. „Það er ótrúlegt að hugsa til þess að börnin sem tala í hljóðmyndinni séu orðin tuttugu sentimetrum hærrí og að sum þeirra séu næstum

því orðin að unglungum í dag,” segir Aude og hlær.

Það hefur hins vegar ekki stöðvað Aude sem ferðast hefur með sýninguna á milli skóla. Þannig var hún síðast í grunnskólanum í Þorlákshöfn og hefur farið vítt og breitt um landið. „Ég gerði þetta þínu öfugt út af Covid.”

Eru börn tilbúin í svona stórar spurningar?

„Algjörlega. Þau eru tilbúnari en við ef eitthvað er,” segir Aude. Hún bendir á að börn, ólíkt fullorðnum, ritskoði sig ekki.

„Það er ótrúlega skemmtilegt að hlusta á þau og mér finnst ég skilja hlutina miklu betur. Þau tengja beint við hlutina og tala ekki bara um teoriiu, visindi eða hugmyndir heldur blanda þau þessu öllu saman og nota ímyndunaraflíð,” útskýrir Aude.

„Mér finnst nefnilega ekki rétt að reyna að rökræða heiminn út frá einu sjónarhorni og krakkarnir eru svo sannarlega til í þetta. Ég var einmitt svo hrædd fyrst um að þau myndu ekki nenna þessu,” segir Aude hlæjandi.

Híð gagnstæða hefur frekar verið vandamál. „Þau vilja ekki hætta og það er auðvitað ótrúlega skemmtilegt og mikil viðurkenning.“ ■

Fræbbblarnir pönkast í Reykjavík

odduraevar@frettabladid.is

Langfrægasta pönkhljómssveit landsins stígur á svið á Dillon í kvöld eftir rúmlega þriggja ára tónleikahlé á höfuðborgarsvæðinu. Fræbbblarnir ætla að halda upp á nýfengið frelsi landsmanna ásamt rokkhljómssveitinni Krömpum.

„Við erum að klára plötu og að kynna hana en spilum að sjálfsögðu gamalt efni með,” segir Valgarður Guðjónsson, söngvari og gítarleikari Fræbbblanna allt frá upphafi, eða síðan 1978.

Hann segir sveitina eiga nóg inni. „Þetta er það sem heldur manni gangandi, að semja og prófa nýtt efni. Við gáfum síðast út nýtt efni 2015 þannig að þetta efni er búið að vera lengi í vinnslu,” segir Valgarður. Hann segist reikna með að nýja platan komi út í vor.

„Það er skemmtileg tilviljun kannski ef við orðum það þannig,”



Sveitin hefur sungið og gagnrýnt boð og bönn síðan árið 1978. MYND/ADSEND

segir Valgarður hlæjandi aðspurður hvort dagsetningin hljóti ekki að tengjast afmæli bjórsins á Íslandi, enda frægasta lag bandsins lagið *Bjór*, frá 1996.

Valgarður segist hafa verið sáttur við túlkun Gunnars Ragnarssonar úr Grísalappalísu sem fór með hlutverk Valgarðs í Verbúðinni, þar sem

hann söng einmitt ádurnefnt lag.

„Þetta var mjög vel gert, þó það hafi auðvitað verið einhver smáatriði sem voru ekki nákvæm. Ég vissi að þetta stæði til en hélt að það yrði skautað yfir þetta á tveimur sekúndum. Þetta kom skemmtilega á óvart og það er mjög sérstakt að sjá sjálfan sig leikinn af öðrum.“ ■

ÞVOTTI *dagar*



20% AFSLÁTTUR

AEG & SAMSUNG ÞVOTTAVÉLAR, ÞURRKARAR & UPPÞVOTTAVÉLAR

ORMSSON



Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar
 Guðmundsdóttur



Litlir karlar með stórar byssur

Þegar fyrstu rússnesku skrið-drekarnir völtuðu yfir landamæri fullvalda Úkraínu þverbraut Pútín um það bil allar hefðir og lög sem gilda í alþjóðasamskiptum. Hann veit að þjóðir Atlantshafsbandalagsins munu ekki koma úkraínsku þjóðinni til varnar með hernaðar-íhlutun. Ef þær ráðast á Rússa breiðist stríðið út um Evrópu – um leið og þjóðir bandalagsins bætast á skotskífuna. Það eru mörk í samskiptum þjóða sem Atlantshafsbandalagið vill ekki fara yfir.

Á meðan horfum við á Volodímír Selenskíj grátbiðja Vesturlönd um hjálp. Grínistinn sem varð forseti hefur blásið riflega 40 milljónum Úkraínnumanna baráttuanda í brjóst og endurskilgreint í leiðinni hvað það þýðir að vera leiðtogi þjóðar. Hann er ekkert að grínast með að ekki komi til greina að gefast upp fyrir Rússum. Það má jafnvel velta fyrir sér hvort viðskiptaþvinganir og vopnasendingar Vesturlanda hefðu verið með sama hætti ef Selenskíj og úkraínska þjóðin hefðu veitt minni mótspyrnu. Vel má vera að herafinn sé hjá Rússum en baráttuandinn er klárlega hjá Úkraínnumönnum. Í bjartsýni minni vona ég að baráttuandinn nægi gegn stórskotaliðinu sem nú virðist eiga að brjóta úkraínsku þjóðina endanlega.

Hvað svo? Ætla Vesturlönd að sitja og horfa á stríðið eins og hverja aðra Netflix-seríu? Ráðleggja Selenskíj að gefast upp, svo ekki verði meira mannfali meðal úkraínsku þjóðarinnar? Leyfa Pútín að yfirtaka Úkraínu – í þeirri von að hann láti það nægja? Svona eins og við leyfðum Hitler að yfirtaka Tékkóslóvakíu, í þeirri von að hann léti það nægja.

Það fór ekki alveg eins og vonir stóðu til. ■

HRAUNHAMAR
 FASTEIGNASALA
 BÆJARHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI
 Sími: 520-7500 - FASTEIGNASALA SÍÐAN 1983

NÝBYGGINGAR Í HAFNARFIRÐI
 FJÖLDI EIGNA AÐ KOMA Í SÖLU Í SKARDSLÍÐ OG HAMRANESI



Fimm stjörnu Hótel-rúmalínan frá Serta er nú á 15% afslætti í Betra Baki auk þess sem nótt á Hilton Reykjavík Nordica ásamt morgunverði fyrir tvo og aðgangi að Hilton Reykjavík Spa fylgir kaupum á Serta 5 stjörnu hótelrúmi.

CLASSICO, YORK OG LIGNE eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta sem er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði. Gormakerfið er með þéttari stuðning við bak og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Hægt er að velja um tvo stífleika allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistífl heilsudýna sem vinnur á einstakan hátt með fjöðrunarkerfinu á dýnunni.

MAGNIFIQUE rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fánlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið, hvort tveggja er selt sér.



SPARADU
97.485 kr.
 OG FÁÐU LÚXUS NÓTT Á HILTON Í KAUPBÆTI

Ocean Splendid stillanlegt
 160 x 200 cm (Botn, fætur, dýna, yfirdýna og Ocean gafi)
 Fullt verð: 649.900 kr.

Fullt verð: 552.415 kr

CLASSICO

YORK

LIGNE

MAGNIFIQUE



NÓTT FYRIR TVO Á HILTON
 Nú fylgir nótt fyrir tvo á Hilton, ásamt morgunverði og aðgangi að Spa, kaupum á Serta 5 stjörnu hótelrúmi.
 Verðmæti: 38.900 kr.



Hilton
 REYKJAVÍK NORDICA

FAXAFENI 5
 Reykjavík
 588 8477

DALSBRAUT 1
 Akureyri
 588 1100

SKEIDI 1
 Ísafirði
 456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
 Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
 www.betrabak.is

Betra BAK